

Afþreying í ferðapjónustu



Skýrsla nefndar samgönguráðherra
um öryggisreglur og leyfisveitingar í
afþreyingarferðapjónustu.

Afþreying í ferðapjónustu

Skýrsla nefndar samgönguráðherra um
öryggisreglur og leyfisveitingar í
afþreyingarferðapjónustu.

Nefndarmenn:

Pétur Rafnsson, formaður
Helga Haraldsdóttir
Arngrímur Hermannsson
Guðjón Petersen

Sigurður Skúli Bárðarson, starfsmaður nefndarinnar


Febrúar 2004

Skilabréf


Skipuð var nefnd á vegum samgönguráðuneytisins þann 26. september Árið 2000. Henni var ætlað að fara yfir möguleika til að auka öryggi í afþreyingu í ferðaþjónustu á Íslandi og leggja fram tillögur að reglugerð um öryggisreglur og leyfisveitingar í afþreyingu. Í nefndinni voru Pétur Rafnsson, verkefnastjóri Ferðamálaráðs Íslands, sem var formaður, Helga Haraldsdóttir, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, Arngrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri og Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri. Starfsmaður nefndarinnar var Sigurður Skúli Bárðarson, samgönguráðuneyti auk þess sem lögfræðingar í samgönguráðuneytinu þær María Thejll og Unnur Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri unnu með nefndinni.

Tillögur nefndarinnar eru í skýrslu þessari sem drög að reglugerð um afþreyingu í ferðaþjónustu á Íslandi ásamt þeim gögnum sem nefndinni þótti eðlilegt að með fylgdu og er hér undirrituð af nefndarmönnum.

F.h. nefndarinnar


Pétur Rafnsson, formaður


Helga Haraldsdóttir


Arngrímur Hermannsson


Guðjón Petersen

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Tillaga að reglugerð	6
Athugasemdir við tillögur	13
Afþreying í ferðaþjónustu	14
• Skilgreiningar	
• Rekstrarleyfi, öryggis- og gæðamál í afþreyingu á Íslandi til þessa	
Afþreyingarferðir	17
• Helstu tegundir afþreyingarferða	
• Lög og reglur um ferðaþjónustu	
• Innihald reglugerðarinnar	
• Afþreying með farartækjum í lofti	
• Afþreyingarferðir með farartækjum á landi	
• Afþreyingarferðir með skipum og bátum	
• Afþreyingarferðir á hestum	
• Gönguferðir	
Fyrirlestur Dr. Anders Steene á öryggisráðstefnu 1999	32
Kröfur um gæði og öryggi	34
Gæðamál	35
Menntun í afþreyingu	37
Umhverfismál	48
Öryggi í umferð	49
Reglur og eftirlit með fyrirtækjum og búnaði þeirra	50
Lokaorð	54
Viðmælendur	55
Viðkomandi opinberir aðilar	55
Heimildir úr lögum og reglugerðum	56
Aðrar heimildir	56
Nokkrar skýrslur og erindi	57

Inngangur

Þann 26. september 2000 skipaði samgönguráðherra nefnd til að fara yfir möguleika til að auka öryggi í afþreyingu í ferðaþjónustu á Íslandi og koma með tillögur að reglugerð um öryggisreglur og leyfisveitingar í afþreyingu.

Nefndin hóf starf sitt á því að afla sér gagna frá nágrannalöndunum og einnig frá fjarlægari löndum, sem þóttu svipa að einhverju leiti til Íslands. Má þar nefna Nýja-Sjáland, sem er eyja, með jöklum, fossum og háum fjöllum og ekki síður vegna þess að þar er að þróast afþreying í ferðaþjónustu ekki ólíkt og hér.

Nefndin kallaði til sín fjölda viðmælenda sem sérfræðinga á sínu sviði og hlustaði á þeirra hugmyndir um hvað gætu þótt eðlilegar reglur um öryggi fyrst um sinn, sem mætti síðan þróa enn frekar. Það kom fljótt í ljós hjá fulltrúum fyrirtækja í greininni, að þeir vildu hraða þessu verki hið mesta og eins að kröfurnar um reglur væru nokkuð ákveðnar. Þessi skoðun birtist einnig hjá fulltrúum í afþreyingarnefnd SAF. Heldur virtust þó rekstraraðilar í afþreyingu innan FSÍ á landsbyggðinni vilja fara vægar í sakirnar.

Verkefnið reyndist mun flóknara en á horfðist í fyrstu. Þetta birtist sérstaklega í öllum þeim margflóknu lögum og reglugerðum sem í gildi eru og snertu með ýmsum hætti, þætti afþreyingar í ferðaþjónustu. Má í þessu tilefni nefna lög eins og siglingalög, náttúruverndarlög, umferðarlög, dýraverndarlög, lög um hollustuhætti og fl. Og auk þess reglugerðir sem eiga stoðir í áður nefndum lögum. Til þess að tækist að vinna heilsteypar tillögur til ráðherra var tekið hlé á nefndarstarfinu og formaður nefndarinnar fundaði með fulltrúum nokkurra viðkomandi stofnana og lýsti áformum nefndarinnar. Í ljós koma að yfir stóð vinna í sumum þessara stofnana vegna ferðaþjónustu og einnig til að koma til móts við nefndina voru unnar tillögur að breytingum innan þessara stofnana vegna aðkomu þeirra að málaflokknum. Þær stofnanir sem hér umræðir eru t.d. Vegagerð ríkisins og Siglingastofnun. Veturinn og fram á sumar 2002 fundaði formaður nefndarinnar aftur með áður nefndum aðilum ásamt lögfræðingi skrifstofu ráðherra, til að fara yfir þær breytingar, sem gerðar höfðu verið og hvernig halda skyldi verkefninu áfram miðað við nýjar eða breyttar forsendur. Á árinu 2003 var ljóst að ráðuneyti ferðamála hafði í hyggju að setja á fót starfshóp til að vinna tillögur að breytingum á lögum nr. 117/1994 um skipulag ferðamála. Þetta starf skyldi vinna samfara vinnu við ferðamálaáætlun til ársins 2015. Þar með er komið að því, sem nefndin hefur beðið eftir, að lögin breyttust í það far að reglugerð um öryggi og leyfisveitingar gæti orðið að veruleika og tekið gildi en til þessa hefur vantað stoðir í lögunum til að byggja reglugerðina á. Fyrir hönd nefndarinnar vil ég þakka viðmælendum nefndarinnar svo og Maríu Thejll og Unni Gunnarsdóttur, lögfræðingum skrifstofu ráðherra samgöngumála fyrir þá miklu lögfræðilegu hjálp sem þær veittu í vinnu nefndarinnar.

Ég undirritaður formaður nefndarinnar þakka nefndarmönnum mikla vinnu þeirra og mikinn áhuga á verkefninu en þeir voru Arngrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri, Helga Haraldsdóttir, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu og Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri. Starfsmanni nefndarinnar Sigurði Skúla Bárðarsyni, samgönguráðuneyti, þakka ég ötult starf í þágu nefndarinnar.

Pétur Rafnsson,
Nefndarformaður.

Tillaga að reglugerð um afþreyingu í ferðaþjónustu

I. kafli

Gildissvið

1 gr. Reglugerð þessi gildir um einstaklinga og lögaðila, sem stunda sölu á afþreyingu (frístundaiðju), sem almenningur á aðgang að. Reglugerðin gildir ekki um heilsuþöð, sundlaugar, sýningar og söfn.

Markmið

2. gr. Markmið reglugerðar þessarar er að auka öryggi og gæði og eftirlit með fyrirtækjum í afþreyingu í ferðaþjónustu með því að koma á ákveðnara skipulagi hvað varðar leyfisveitingar,.

Skilgreiningar og orðskýringar

3. gr. Með afþreyingu í ferðaþjónustu er átt við þátttöku almennings í útivist, áhættu, skemmtun, menningu og/eða fræðslu. Afþreying getur verið rekin af þjónustuaðila gegn greiðslu þátttakenda eða aðstaða til að njóta hennar án þess að bein greiðsla komi fyrir.

4. gr. Skipulagðar afþreyingarferðir er þegar einstaklingar og lögaðilar selja lengri og skemmri ferðir með fyrirfram ákveðnum brottfarartíma, flutningsmáta og leiðsögn.

Valfrjáls afþreying er þegar fyrirtæki selur afþreyingu, sem almenningur sjálfur stjórnar án sérstakrar leiðsagnar.

5. gr.

1. Fararstjóri (Tour Manager) er sá aðili sem stjórnar ferð f.h. ferðaskrifstofu og tryggir útfærslu ferðar.

2. Leiðsögumaður (Tourist Guide) er sá aðili, sem leiðsegir í ferð á viðeigandi tungumálum og getur einnig verið fararstjóri, skal vera með próf frá Leiðsöguskóla Íslands, næga þekkingu og reynslu eða sambærilegt próf frá viðurkenndum skóla.

3. Ökuleiðsögumaður (Driver Guide) er fagmenntaður leiðsögumaður sbr. 2 tl. með aukin ökuréttindi og ekur í ferð um leið og hann leiðsegir.

4. Sérhæfður leiðsögumaður er sá sem staðist hefur próf frá viðkomandi sérhæfðu sviði Leiðsöguskóla Íslands eða sambærilegt próf frá viðurkenndum skóla svo sem fjallaleiðsögumaður, svæðisleiðsögumaður eða gönguleiðsögumaður.

5. Sérhæfður starfsmaður í afþreyingarfyrirtæki er sá sem hefur staðist próf af afþreyingarnámskeiði í háskólanum á Hólum, Ferðamálastjólanum í MK eða sambærilegt próf frá viðurkenndum skóla eða hefur nægilega starfsreynslu að mati Ferðamálaráðs.
6. Sérhæfður starfsmaður í fljótasiglingum er sá sem staðist hefur sérhæft próf frá fljótasiglingaskóla sem viðurkenndur er af Siglingastofnun.
7. Sérhæfður starfsmaður í Kajak-siglingum er sá sem hefur sérhæfða menntun og þjálfun í meðferð kajaka og staðist hefur sérhæft próf frá kajakskóla sem viðurkenndur er af Siglingastofnun.
8. Höfuðstöð afþreyingarfyrirtækis er aðalstöð þar sem yfirstjórn fyrirtækisins hefur aðsetur. Starfsstöð er stað- og tímabundin stöð sem fyrirtækið nýtir á vettvangi til útfærslu afþreyingar hverju sinni sé hún ekki aðalstöð.

II KAFLI

Rekstrarleyfi

6. gr. Ferðaskrifstofuleyfi sbr. 10. gr. laga um skipulag ferðamála nr. 117/1994 með síðari breytingum, skiptast í tvo flokka. Annars vegar eru leyfi til handa ferðaskrifstofum (1. tl.) og hins vegar til handa ferðaskipuleggjendum (2. tl.) þ.m.t. fyrirtækjum í afþreyingu (frístundaiðju) sem selja skipulagðar ferðir.

Útgáfa leyfa.

7. gr. Ferðamálastjóri hefur með höndum útgáfu leyfa og umsjón með eftirliti samkvæmt reglugerð þessari. Við útgáfu leyfa er ferðamálastjóra heimilt að leita umsagnar fulltrúa hagsmunaaðila er að greininni standa. Leyfi ferðamálastjóra þarf til að hafa með höndum rekstur fyrirtækja í afþreyingu í ferðaþjónustu sem þessi reglu-gerð nær til. Leyfið skal gilda í upphafi til tveggja ára en síðar í allt að fimm ár og vera óframseljanlegt og nýting þess aðeins heimil einum rekstraraðila. Heimilt er að veita tækifærisleyfi (t. d. leyfi á höndum opinberra aðila) til skemmri tíma óski umsækjandi eftir því sbr. 29. gr. Ákvarðanir ferðamálastjóra er hægt að skjóta til samgöngu-ráðuneytisins og til dómstóla samkvæmt stjórnsýslulögum. Kærufrestur er 3 mánuðir.

Skilyrði.

8. gr. Þeir einir sem uppfylla eftirtalin skilyrði geta fengið leyfi sem fyrirtæki í afþreyingu í ferðaþjónustu:

1. Hafa fullnægjandi starfshæfni sbr. 10. gr.
2. Heimilt er að veita undanþágu frá námskeiði, ef umsækjandi getur sýnt fram á að hafa lokið prófi í helstu greinum sem um getur í námskrá, tekið stöðupróf eða hefur víðtæka og næga starfsþjálfun að mati ferðamálastjóra.
3. Hafa ekki verið dæmdur til refsivistar né framið alvarleg eða ítrekuð brot á reglum sem um starfsgreinina gilda. Hafi brot verið smávægilegt eða langt er um liðið frá því að brot var framið getur umsækjandi þó öðlast leyfi.

Framangreindum skilyrðum verður leyfishafi að fullnægja á leyfistímanum. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. getur ferðamálastjóri heimilað umsækjanda að starfa sem afþreyingaraðila í ferðaþjónustu að því tilskildu að hann tilkynni um tilnefningu annars aðila sem fullnægir kröfum 1., 2. og 3. tl. enda sjái hinn síðarnefndi um daglegan rekstur fyrirtækisins.

Framlagning gagna.

9. gr. Þegar sótt er um rekstrarleyfi skal umsækjandi leggja fram eftirtalin gögn:

- a) rekstraráætlun fyrir yfirstandandi og næsta ár sbr. 17. gr. laga nr. 117/1994,
- b) staðfestingu á starfshæfni sbr. 10. gr. reglugerðarinnar,
- c) sakavottorð,
- d) ljósrit af skráningum búnaðar og tækja,
- e) ljósrit af úttektum sem krafist er í reglugerðinni.
- f) skrá yfir ábyrgðartryggingar fyrirtækisins,
- g) öryggisáætlun.

Ferðamálastjóra er heimilt að óska eftir frekari gögnum gerist þess þörf og vísa frá þeim umsóknum sem ekki hafa fullnægjandi gögn til stuðnings þeim.

Námskeið

10. gr. Námskeið í umsjón háskólans á Hólum, Ferðamálakólans í MK eða öðrum þeim skóla sem Ferðamálastjóri samþykkir verða eftirfarandi:

Grunnnámskeið fyrir alla þá sem sækja um rekstrarleyfi í fyrsta sinn skv. reglugerð þessari.

Námskrá grunnnámskeiðs:

- Rekstur, stjórnun og mannaforráð.
- Fræðsluefni fyrir rekstraraðila er lúta að móttöku og samskiptum við gesti.
- Stuðningsefni fyrir rekstaraðila í þjálfun starfsfólks.
- Gátlista um öryggisþætti.
- Lög, reglugerðir og staðla er varða starfsemina.
- Veðurfræði og áhættumat.
- Gátlistar um búnað, aðbúnað gesta og dýra ef við á.
- Vinnureglur við upphaf ferðar.
- Vinnureglur við lok ferðar.
- Upplýsingar um gagnlegt ítarefni og vefslóðir.
- Skyndihjálp
- Starfsþjálfun

Upplýsingar um leyfishafa.

11. gr. Ferðamálastjóri skal halda skrá yfir veitt leyfi. Á skránni skulu vera ítarlegar upplýsingar um starfsemina, nafn staðar, hvar starfsemin er rekin, til hvaða flokks hún telst og gildistíma leyfis. Skráin skal birt á heimasíðu Ferðamálaráðs.

12. gr. Eftirlitsaðili sbr. 15. gr. með leyfishöfum f.h. ferðamálastjóra skal tilkynna skrifstofu Ferðamálaráðs hafi orðið þær breytingar á búnaði eða rekstri að nauðsynlegt sé að endurskoða leyfið. Kostnaður við árlegt eftirlit greiðist af leyfishöfum sjálfum. Þegar rökstudd ástæða er til skal ferðamálastjóri láta gera sérstaka úttekt hjá leyfishöfum.

III. KAFLI

Almenn ákvæði

Leyfishafar

13. gr. Leyfi má veita einstaklingum og lögaðilum enda uppfylli þeir skilyrði 8. gr. reglugerðarinnar. Hjá lögaðila skal starfa forsvarsmaður sem ber ábyrgð á rekstrinum og uppfyllir skilyrði 8. gr. Látist leyfishafi eða forsvarsmaður leyfishafa eða verði svo líkamlega eða andlega van-hæfur að hann geti ekki lengur gegnt starfi sínu er heimilt að reka afþreyingarfyrirtækið tímabundið, að hámarki í eitt ár. Tilnefna skal forsvarsmann í slíku tilviki og tilkynna til ferðamálastjóra.

Réttindi, umgengni og merkingar

14. gr. Leyfishafar skulu gæta þess að undirverktakar og aðrir samstarfsaðilar þeirra hafi tilskilin réttindi og séu að öðru leyti til þess fallnir að starfa við þjónustu við ferðamenn. Starfsmaður, undirverktaki eða samstarfsaðili skal bera auðkenni frá leyfishafa sem sýna að hann sé starfsmaður hans.

Leyfishafar og starfsmenn þeirra skulu gæta þess að sýna farþegum lipurð og kurteisi í afgreiðslu og allri umgengni. Halda skal aðstöðu, búnaði og tækjum þrífalegum og í góðu ásigkomulagi eftir því sem við verður komið.

Við leyfisskoðun og eftirlit fá leyfishafar merki til uppsetningar. Leyfishafi skal hafa afrit leyfis í húsakynnum sínum.

Eftirlit og leyfisgjöld

15. gr. Greiða skal fyrir útgáfu leyfa:

Fyrir almennt rekstrarleyfi til að stunda afþreyingu í ferðaþjónustu skal greiða 10.000 kr. Síðan skal greiða árlega eftirlitsgjald að upphæð kr.: 5.000.

Framangreind gjöld skulu renna til skrifstofu Ferðamálaráðs og standa undir eftirliti skv. 23. gr. laga nr. 117/1994 um skipulag ferðamála og leyfisveitingum skv. lögum nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs en eftirlit þetta er heildareftirlit vegna leyfa en ekki sérstakt eins og sérhæfðar stofnanir hafa. Ferðamálastjóra er heimilt að fela þriðja aðila þetta eftirlit.

16. gr. Húsnæði og búnaður leyfishafa skal fullnægja kröfum heilbrigðis- og byggingareglugerða, brunamálaireglugerðar, reglugerðar um húsnæði vinnustaða og 3. gr. laga nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði. Eftir því sem við á skulu tæki og búnaður fullnægja reglum og lögum um hópferðabifreiðar, umferðarlögum, reglugerð um leyfi til farþegaflutninga með skipum, reglum um Löggildingarstofu, reglum um Vinnueftirlit ríkisins og reglum Siglingastofnunar um báta smærri en 6 metra og lögum um loftferðir.

17. gr. Leiðsögumaður sbr. 2 tl. 5. gr. skal vera í öllum skipulögðum afþreyingarferðum eða sérhæfður leiðsögumaður eins og við á hverju sinni.

18. gr. Leiðbeiningar og viðvaranir um hættur í afþreyingu skulu bæði vera í prentuðu máli og í orðum fararstjóra eða leiðsögumanns áður en lagt er af stað í hverja ferð (Sbr. kynningar um borð í flugvélum). Það skal ætíð í upphafi hverrar ferðar farið yfir þær hættur sem á vegi ferðamannsins geta orðið og hvernig skal bregðast við þeim.

19. gr. Leyfður hámarksfjöldi farþega á leiðsögumann eða sérhæfðan leiðsögumann án sérhæfðs starfsmanns í skipulögðum ferðum skal vera

eftirfarandi: Hámarksfjöldi farþega á leiðsögumann í skipulögðum hesta- og hjólreiðaferðum skal vera 15. Hámarksfjöldi farþega þar sem um ökuleiðsögumann í ferð sem er lengri en 4 klst. er að ræða skulu ekki vera fleiri en 15. Hámarksfjöldi farþega á leiðsögumann í vélsleðaferð skal vera að hámarki 20. Hámarksfjöldi farþega á leiðsögumann í kajakferð skal vera 10 manns. Hámarksfjöldi farþega á leiðsögumann í gönguferðum skal vera 15.

20. gr. Fararstjóri/leiðsögumaður skal ætíð hafa meðferðis öryggistæki eins og GPS staðsetningartæki og fjarskipta- og skyndihjálpartæki í hverri ferð.

Í hesta-, vélsleða- og sleðaferðum skal hver ferðamaður ætíð nota hjálm sem viðurkenndur hefur verið af til þess bærum opinberum aðilum. Í fljótasiglingum skal vera til staðar kastlína og fyrir hvern farþega skal vera þurr- eða blautbúningur og björgunarvesti eða flotgalli. Þar fer um notkun hjálma eftir kröfum Siglingastofnunar.

Í vélsleða- og fjallgönguferðum skal ætíð hafa meðferðis líflínu, sigbelti og hitapoka.

IV. KAFLI

Skipulögð afþreying.

Skipulagðar afþreyingarferðir í hópferðabílum.

21. gr. Skipulagðar afþreyingarferðir með hópferðabílum falla undir f. Lið 3. gr. laga nr 73/2001.

Skipulögð afþreying á sérútbúnum ökutækjum.

22. gr. Skipulagðar afþreyingarferðir á sérútbúnum ökutækjum skulu fara eftir 20. gr. reglugerðar 528/2002.

23. gr. Þegar um er að ræða ökuleiðsögumann „ Driver Guide“ skal hann hafa menntun sbr. 5. gr. 3 tl. og hámarksfjölda farþega skv. 19. gr. reglugerðarinnar.

Skipulögð afþreying á vélsleðum, fjórhjólum og sambærilegum tækjum.

24. gr. Öll tæki aðila í afþreyingu skulu vera merkt honum og skulu þau vera skoðuð og skráð í samræmi við umferðarlaga, þar með talið hafa opinbert skráningarnúmer og skoðunarmiða.

Skipulögð afþreying á hestum.

25. gr. Aðili sem skipuleggur og selur ferðir á hestum um landið getur hvorttveggja verið eigandi að hestunum og öðrum búnaði sem þarf til ferðanna eða nýtt sér undirverktöku. Aðilinn skal ætíð tryggja að allur venjulegur búnaður til hestaferða svo sem hnakkar, beisli og hjálmar séu í góðu ástandi og uppfylli nýjustu öryggiskröfur hverju sinni. Aðilar sem stunda þennan rekstur skulu hafa leyfi samkvæmt III kafla laga nr 15/1994 um dýravernd sbr. reglugerð 499/1997 um dýrahald í atvinnuskyni. Þeir aðilar sem bjóða upp á skemmri ferðir þ.e. frá eins til sjö klukkutíma skulu geta boðið upp á salernis og hreinlætisaðstöðu á upphafs og endastöð sem uppfyllir kröfur heilbrigðisyfirvalda.

Skipulögð afþreying á bátum og skipum

26. gr. Í skipulagðri afþreyingu á bátum og skipum skal salernisaðstaða vera til staðar í hvalaskoðunar-, sjóstangaveiði-, útsýnis- og fugla-skoðunarferðum sbr. reglur Siglingastofnunnar og í lengri en 5 tíma ferðum skal vera til staðar aðstaða þar sem kaupa má veitingar.

27. gr. Áður en farþegaskip í skipulaðri afþreyingu á bátum og skipum lætur úr höfn skal telja alla einstaklinga um borð og tilkynna skipstjóra skipsins og umsjónarmanni farþegaskráningar fyrirtækisins í landi um fjölda einstaklinga um borð. Ef fyrirhuguð sigling farþegaskips er lengri en 20 sjómílar frá höfn skal skrá upplýsingar um nöfn allra einstaklinga um borð, kyn, aldursflokk og hvort farþegi þurfi sérstaka umönnun eða aðstöð. Að öðru leiti skal farið að skv. reglugerð um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum nr. 659/2000.

28. gr. Skipulögð og valfrjáls afþreying, sem ekki hefur verið nefnd en er stunduð í ferðaþjónustu, hvort heldur er í lofti, á láði eða legi skal fara eftir almennum ákvæðum þessarar reglugerðar
Til þessarar afþreyingar teljast m.a. eftirfarandi þættir eins og veiði á lax og silungi í ám og vötnum, dorgveiði niður um ís, veiði villtra dýra eins og hreindýra og fugla, leiga hesta, báta og seglbretta, köfun, sig og fossaklifur, flúðasund, drekaflug, fallhlífar- og teygjustökk og fl.

29. gr. Fyrirtækjum í flokkum sbr. 28. gr. ber að skrá sig hjá skrifstofu Ferðamálaráðs og eftir úttekt og að mati ferðamálastjóra sækja um ferðaskipuleggjandaleyfi.

Tækifærisleyfi til rekstur afþreyingar

30. gr. Tækifærisleyfi skal sækja um til samgönguráðuneytisins, þegar um er að ræða afþreyingu í ferðaþjónustu í atvinnuskyni um mjög skamman tíma, sem ekki er stunduð að staðaldri, heldur aðeins við einstök tækifæri svo sem á hátíðum sveitarfélaga.

V. KAFLI

Viðurlög

Stöðvun starfsemi

31. gr. Verði aðili uppvís að því að stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt reglugerð þessari án þess að hafa til þess tilskilin leyfi er ferðamálastjóra skylt að fela lögreglu að stöðva starfsemina þegar í stað þar til leyfi hefur verið fengið.

Viðurlög.

32. gr. Brot gegn lögum nr. 117/1994 um skipulag ferðamála og reglugerð þessari varða sektum og/eða leyfis-sviptingu sbr. 37 gr. laga nr. 117/1994, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

33.gr. Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um skipulag ferðamála nr. 117/1994 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Athugasemdir við tillöguna

Samtök innan ferðapjónustunnar áttu fulltrúa í nefndinni auk fulltrúa samgöngu-ráðuneytisins og Guðjóns Petersen fv. Framkv.stj. Almannavarna ríkisins. Það var ákveðið á nefndarfundi að leita athugasemda við þau drög sem nefndin hafði þegar unnið. Formaður nefndarinnar mætti á aðalfund SAF vorið 2003 og útskýrði þá vinnu sem þegar hafði verið unnin og þann texta sem lá fyrir. Ákveðið var að afþreyingarnefnd SAF og fulltrúar FSÍ skiluðu inn sínum athugasemdum síðar á árinu sem og gerðist.

Athugasemdir SAF við tillöguna

Fulltrúar SAF og formaður nefndarinnar hittust á fundi í desember 2003 og fóru yfir athugasemdir samtakanna sem fólust í eftirfarandi:

Við grein 1.	Orðalagsbreyting
Við grein 2.	Orðalagsbreyting
Við grein 4.	Orðalagsbreyting
Við grein 5.	lið3 Orðalagsbreyting
Við grein 12.	lið f Orðalagsbreyting – Er nú 9. grein
Við grein 13.	b liður falli niður – Er nú 10. grein
Við grein 16.	Orðalagsbreyting – Er nú 13. grein
Við grein 18.	Breytt upphæð leyfisgjalda – Er nú 15. grein
Við grein 21.	Falli niður. Fjallaði um skráningu farþega um borð í hvalaskoðunarbátum.

- Við grein 23. Fjallar um hámarksfjölda farpega á leiðsögumann í mismunandi afþreyingu. Skuli vera 15 í stað 14 þegar um ökuleiðsögumann er að ræða og aðeins í ferð sem er lengri en 4 tímar. Hámarksfjöldi í kajakferð á sjó skal vera 10 í stað 9 – Er nú 19. grein
- Við grein 24. Orðalagsbreyting – Er nú 20. grein
- Við grein 25. Orðalagsbreyting – Er nú 21. grein
- Við grein 26. Orðalagsbreyting – Er nú 22. grein
- Við grein 28. Falli niður. Felst í 20. gr. reglugerðar 528/2002 sbr. 22. grein draga reglugerðarinnar.
- Við grein 29. Orðalagsbreyting – Er nú 24. grein
- Við grein 30. Orðalagsbreyting – Er nú 25. grein

Athugasemdum þessum frá SAF var komið á framfæri við nefndina við loka umræðu hennar og tekið tillit til flestra athugasemda.

Athugasemdir Ferðamálasamtaka Íslands við tillöguna

Stjórnarmenn í Ferðamálasamtökum Íslands höfðu drögin einnig til athugunar hver á sínu svæði og ræddu þau við viðkomandi ferðaþjónustuaðila í afþreyingu. Athugasemdum þeirra hefur einnig verið komið inn í drögin til lokaumræðu í nefndinni.

Afþreying í ferðaþjónustu

Skilgreiningar

Samkvæmt íslenskri orðabók er afþreying skilgreind sem dægrastytting en hinir ýmsu fræðimenn í ferðamálum hafa sett fram sínar skilgreiningar sem nokkuð eru misjafnar og ekki síst að hugtakið sé misvitt skilgreint.

Í skýrslu sem unnin var af nemendum í rekstrardeild Háskólans á Akureyri 2001 segir um skilgreiningar: „Mathiesen og Wall segja: afþreyingu vera allt það sem hægt er að verja frítíma sínum í og það skiptir þá ekki máli hvort honum er varið heima eða á ferðalagi“.

Í framkvæmdaáætlun um afþreyingu sem sett var fram í framhaldi af stefnumótunar-vinnu á vegum samgönguráðuneytisins 1996 og kom út í desember 1997 segir:

„Afþreying í ferðaþjónustu er skilgreind á margvíslegan hátt í daglegu tali ekki síður en í rituðu máli fagfólks. Ein slík skilgreining kemur fram í ritinu um stefnumótun samgönguráðherra frá 1996:

Afþreying: þjónusta (oftast við ferðamenn) sem tekur skemmri eða lengri tíma og er aðgengileg með stuttum eða engum fyrirvara. (Stefnumótun 1996)

Starfshópurinn velti mögulegum skilgreiningum nokkuð ítarlega fyrir sér og ræddi á fundum sínum. Sigrún Sigmundsdóttir, ferðamálafræðingur hjá Úrvali-Útsýn lagði fram tillögu, sem hópnunum þótti skilgreina afþreyingu vel.

Hún hljóðar svo:

„Með afþreyingu í ferðþjónustu er átt við þátttöku ferðamanna og/eða heimamanna í útivist, skemmtun, menningu eða fræðslu á ferðalagi eða í frítíma sínum.

Afþreying getur verið skipulögð af þjónustuaðila gegn greiðslu þátttakenda eða aðstaða til að njóta afþreyingar án þess að bein greiðsla komi fyrir“.

Öfugt við aðra grunnþætti ferðþjónustu (s.s. gistingu eða matsölu) getur afþreying verið hvati til ferðar.

Það er nauðsynlegt að greinin sé sátt við skilgreiningar, sem fram eru settar, ekki síst til að öllum viðkomandi sé ljóst hvers konar fyrirtæki í ferðþjónustu teljast til rekstraraðila í afþreyingarferðþjónustu og þá um leið hverjir falla undir reglugerð þá um öryggisreglur og leyfisveitingar, sem fram eru settar tillögur um í skýrslu þessari“.

Rekstrarleyfi, öryggis- og gæðamál í afþreyingu á Íslandi til þessa.

Viðskiptavinir ferðaskrifstofa og afþreyingarfyrirtækja munu gera enn frekari kröfur til ferðaskipuleggjenda um að þeir veiti þá þjónustu sem lofað er í bæklingum og öðrum lýsingum á boðinni vöru. Ferðamaðurinn vill að komið sé við á þeim stöðum sem skráðir eru í ferðalýsingum og farið í allt það sem lofað er af ýmiskonar afþreyingu, hvort sem um er að ræða hestaferð, hvalaskoðun, fljótasiglingar eða annað það sem innifalið er í verði ferðar stuttrar eða langrar.

Tryggingin fyrir því að allt gangi vel fyrir sig er heiðarleiki ferðaskipuleggjanda, gæði og öryggi og umfram allt hæft starfsfólk. Nauðsyn góðra mannlegra samskipta er þekkt svo og þjónustulundar og góðrar þekkingar á vörunni sem verið er að selja.

Án þess geta starfsmenn aldrei talist hæfir og öll hætta eykst á því að eitthvað fari úrskeiðis. Ef alvarleg mistök koma upp í framkvæmd ferðar, eru líkur á að viðskipta-vinir okkar snúi sér að fyrirtækinu, sem seldi þeim ferðina og geri kröfur um endurgreiðslu eða jafnvel skaðabætur.

Undanfarin ár og áratug hafa ýmisar tegundir afþreyingar- og ævintýraferðir rutt sér mjög til rúms innan ferðþjónustunnar. Má nefna m. a. hestaferðir, vélsleðaferðir á fjöllum og jöklum, fjallgöngur, jöklagöngur, fljótasiglingar á ám, sjóstangveiðar, hvalaskoðun, kajaksiglingar, hundasleðaferðir, skíðaferðir o. fl.. Þessi nýja og oft mjög vinsæla hlið ferðþjónustunnar undirstrikar nauðsyn þess að tryggja öryggi neytenda, þátt sem við veltum ekki mikið fyrir okkur sem sérstöku vandamáli,

þegar ferðamennskan fólst í rútuferðum með stuttum stoppum á markverðum stöðum hringinn í kringum landið. Með öðrum orðum, starfsmenn ferðaþjónustufyrirtækja verða í ríkara mæli að hafa sérþekkingu og þjálfun í þeirri afþreyingu sem þeir vinna við. Sérþekking, þjálfun og reynsla tryggir öryggi viðskiptavina og koma í veg fyrir óþægindi, sem fylgja kvörtunum og málsóknum vegna mála sem jafnvel hafa leitt til örkumlunar eða dauða viðskiptavinarins.

En hvernig standa þessi mál hér á landi? Er starfsfólkið í ferðaþjónustu vel þjálfað?

Hvaða kröfur eru gerðar til menntunar við veitingu rekstrarleyfa?

Skoðum það síðastnefnda. Hvaða kröfur eru gerðar til menntunar stofnenda fyrirtækja við veitingu rekstrarleyfa? Sú afþreying í ferðaþjónustu sem ekki telst til alferða (þ.e. lengri en sólarhringur með fæði, gistingu ofl innfalið í ferðinni), er skilgreind í lögum um skipulag ferðamála nr. 117/1994 10. grein liður 2, en þar segir:

„Ferðaskipuleggjandi: Ferðaskipuleggjandi merkir í lögum þessum fyrirtæki, félag eða einstakling sem skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga innan lands, einnig fyrirtæki sem annast móttöku hópa eða einstaklinga og skipuleggur fyrir þá dvöl og frístundaiðju eða fundi og ráðstefnur og þjónustu tengda þeim innan lands. Ferðaskipuleggjandi annast enga almenna farseðlaútgáfu til útlanda, hvorki með leiguflugi né áætlunarflugi“. Þetta er skilgreining á því hver sé ferðaskipuleggjandi og lögin segja síðan hverjar séu skyldur hans en að öðru leyti lýtur hann almennum lögum og reglum, t.d. um réttindi til stjórnunar vélknúinna farartækja og þess háttar.

Lögin um ferðaskrifstofur setja þau skilyrði að nauðsynlegt sé að hafa reynslu af störfum inni á ferðaskrifstofu til þess að fá leyfi til slíks reksturs. Ennfremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma, hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf, eins og í lögunum segir.

Þetta virðist vera það eina í lögunum um skipulag ferðamála, sem viðkemur reynslu eða þjálfun starfsfólks, enda lítið verið að því hugað undanfarna áratugi þegar gefin hafa verið út ferðaskrifstofuleyfi. Eina tryggingin, sem kveðið hefur verið á um í lögum um skipulag ferðamála, er ábyrgð til að „gera farþega kleift að ljúka alferð“ þegar kemur að rekstrarstöðvun eða til gjaldþrots ferðaskrifstofu.

Er því ferðaþjónustuaðilum í sjálfsvald sett hvort þeir standa fyrir þjálfun á starfsfólki eða ráða til sín vant fólk eða ekki, til vinnu í afþreyingu. Menntunin, sem er í boði fyrir þá sem starfa út á vettvangi, hefur verið til þessa almennt leiðsögu- og gönguleiðsögumannanám.

Hver er hátturinn í nágrannalöndum okkar?

Í Þýskalandi og Austurríki, Sviss, Bretlandi og Bandaríkjunum er löng hefð fyrir afþreyingar- og ævintýraferðum af ýmsu tagi. Þar eru starfandi skólar sem útskrifa starfsfólk til starfa í ýmis konar ferðaþjónustu á borð við t. d. fsljótasiglingar og sjókajakaferðir. Starfsfólkið útskrifast með ákveðin réttindi sem eru oftast sambærileg á milli landa og eru oft skilyrði fyrir vinnu í viðkomandi starfsgrein. Starfsfólk ferðaskrifstofa í þessum löndum er því orðið vant mikilli fagmennsku og munu í auknum mæli gera þær kröfur til ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda að hlutirnir séu sambærilegir hér á landi, þegar keyptar eru ferðir af innlendum ferðaskrifstofum.

Í Frakklandi eru ferðaskrifstofur skyldugar til að hafa ábyrgðartryggingar og munu þær í framtíðinni væntanlega eingöngu skipta við ferðaþjónustuaðila með ábyrgðartryggingar í lagi. Tryggingarfélagin í Frakklandi munu einnig gera kröfu til þess að ráðið sé fagmenntað starfsfólk í allar þær afþreyingarferðir sem fela í sér sérstaka slyshættu fyrir viðskiptavinina og lágmarka þannig sína eigin áhættu.

Markaðurinn mun gera ráð fyrir því, að Íslendingar standi jafnfætis nágrannaþjóðum sínum. Þar sem skaðabótamál verða æ algengari í flestum atvinnugreinum, getum við ekki lokað augunum fyrir nauðsyn fagmennsku á þessu sviði sem öðrum.

Skilgreina verður afþreyingu vel og setja lög um rekstrar- og starfsleyfi þar sem gerðar eru lágmarkskröfur um fagþekkingu. Breytingar verða ekki í einni svipan en einhverstaðar verður að byrja og ef við sjálf viljum, ætti ekki að taka nema örfá ár að gjörbreyta gæða- og öryggismálum til betri vegar með aukinni þekkingu og reynslu starfsfólks í afþreyingu.

Afþreyingaferðir

Helstu tegundir afþreyingarferða

Afþreying er þegar orðin mjög mikil í íslenskri ferðaþjónustu og mun fjölbrettni aukast til muna í komandi framtíð. Það virðist vera nokkuð augljóst að þjóðfélög nútímans eru að þróast enn lengra en það sem kallað hafur verið upplýsinga-þjóðfélagið og yfir í það sem kalla mætti „upplifunarþjóðfélag“, alla vega í ferðaþjónustu þar sem ferðamaðurinn upplifir sjálfur sem þátttakandi hina ótrúlegustu afþreyingu og ævintýri. Þannig bendir allt til þess að flóra afþreyingar- og ævintýraferða muni

margfaldast á næstu árum. Þeir þættir í íslenskri afþreyingar- og ævintýraferðaþjónustu sem fjallað er um í skýrslu þessari eru fyrst og fremst skipulagðar ferðir eins og:

- Afþreyingarferðir með hópferðabílum
- Afþreyingar- og ævintýraferðir með sérútbúnum bílum
- Fljótasiglingar
- Gönguferðir
- Hestaferðir
- Hvalaskoðunarferðir
- Kajakferðir
- Vélsleðaferðir

Lög og reglur í ferðaþjónustu á Íslandi

Lög og reglugerðir sem fjalla um efni skýrslunnar eru mörg en þó flest þeirra geri það óbeint. Lögin sem fjalla beint um ferðaþjónustuna eru lög nr. 117/1994 um skipulag ferðamála með síðari breytingum og lög nr. 80/1994 um alferðir. Auk þessara laga gilda ýmis lög óbeint um ferðaþjónustu eins og umferðalög, siglingalög, náttúruverndarlög, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, dýraverndunarlög en auk þess ýmsar reglugerðir með stoð í þessum lögum.

Ef skoðuð eru lögin um skipulag ferðamála og lög um alferðir kemur í ljós að lítið er þar komið inn á þau atriði sem tekið er á í skýrslu þessari og vantar því stoð í lögnum til að setja reglugerðina að óbreyttu.

Þó skal það skoðað sem viðkemur verkefninu.

Í lögnum um skipulag ferðamála segir í 9. grein um ferðaskrifstofu: „Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, þjónustu fyrir almenning:

- a. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum og upplýsingar um slíkar ferðir.
- b. Útvegum gistihúsnæðis
- c. Skipulagningu og sölu hópferða, innan lands eða erlendis, starfrækslu sætaferða og móttöku erlendra ferðamanna.
- d. Starfrækslu bókunarþjónustu fyrir ferðir og gistingu, sbr. a-, b- og c-liði og afþreyingu, þar með talinnar tölvubókunarþjónustu.

Þessu til frekari stuðnings og útskýringar er hugtakinu ferðaskrifstofa skipt í tvo flokka eftir umfangi og í 10. grein, lið 2, segir svo:

„Ferðaskipuleggjandi: Ferðaskipuleggjandi merkir í lögum þessum fyrirtæki, félag eða einstakling sem skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga innan lands, einnig fyrirtæki sem annast móttöku hópa eða einstaklinga og skipuleggur fyrir þá dvöl og frístundaiðju eða fundi og ráðstefnur og þjónustu tengda þeim innan lands. Ferðaskipuleggjandi annast enga almenna farseðlaútgáfu til útlanda, hvorki með leiguflugi né áætlunarflugi“.

Einnig segir í 10. grein að hver sá sem vill reka ferðaskrifstofu skuli hafa leyfi samgönguráðuneytis og sé það veitt í fyrstu til tveggja ára en síðan til fimm ára. Til að fá leyfi til rekstrar ferðaskrifstofu þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- *Eiga lögheimili á Íslandi í a.m.k. eitt ár samfellt.*
- *Vera fjárráða.*
- *Hafa forræði á búi sínu.*

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður ef leyfishafi verður gjaldþrota, er sviftur fjárræði eða flytur úr landi. Það fellur einnig niður ef trygging fellur úr gildi eða fullnægir ekki reglum sem ráðuneytið setur.

Í 11. grein laganna er tekið á merkingu orða sem notuð eru í lögnum og segir:

„ 1. Alferð, sbr. lög um alferðir, nr. 80/1994, er fyrirfram ákveðin samsetning ekki færri en tveggja eftirfarandi atriða, þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tekur til lengri tíma en 24 klst. eða í henni felst gisting:

a. flutnings, b. gistingar, c. annarrar þjónustu við ferðamenn sem tekur til verulegs hluta ferðarinnar. Það telst alferð þótt reikningar séu gerðir sérstaklega fyrir hvert atriði.

Ennfremur segir í 11. grein liður 3: „Tryggingarskyld starfsemi er sala alferða innanlands og utan og leiguflugs til útlanda“.

Nokkuð hefur borið á þeirri skoðun í greininni undanfarin ár að ef afþreyingar-fyrirtæki hér innan lands býður upp á afþreyingu, þá þurfi viðkomandi ekki að sækja um ferðaskipuleggjanda leyfi nema samsetning og heildarlengd afþreyingarferðar fyrirtækis hans félli undir skilgreiningu alferðar.

Þessi túlkun er röng. Tímalengd og samsetning skipulagðrar afþreyingar hefur á engan hátt áhrif á leyfisskyldu sbr. 10. grein liður 2 í lögum nr.117/1994 um skipulag ferðamála.

Hér eftir verður einungis fjallað um þau fyrirtæki í afþreyingarferðaþjónustu sem falla undir þann hluta ferðaskrifstofuleyfis sem kallast ferðaskipuleggjandi sbr. 10. grein laga um skipulag ferðamála nr. 117/1994.

Innihald reglugerðarinnar

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt og ritað um nauðsyn aukins aðhalds hvað varðar öryggi ferðamanna sem ferðast um Ísland. Þetta brýna mál hefur verið upp á borði hjá samtökum í ferðaþjónustu, hjá Ferðamálaráði Íslands og ekki síst hjá samgönguráðuneytinu. Í ört vaxandi atvinnugrein eins og ferðaþjónustu á Íslandi er mjög áriðandi að auka til muna gæði, þjónustu og allt öryggi ferðamannsins. Skorti á öryggi og gæði er mikil hættu á að íslensk ferðaþjónusta standist ekki samanburð í harðri samkeppni við aðrar þjóðir.

Verkefni nefndarinnar var flókið og teygði sig inn í alla anga afþreyingarferðaþjónustunnar. Það er einnig vandasamt að koma á fyrstu formlegu reglugerð um öryggi og rekstrarleyfi í afþreyingu. Þetta er ekki fullkomin reglugerð né hinn endanlegi sannleikur, þetta eru okkar fyrstu skref til aukins öryggis og aukinna gæðakrafna. Þetta eru drög að reglugerð sem munu, eins og allar reglur sem komið er á, verða endurskoðuð og bætt með tímanum.

Í upphafi verkefnisins fékk nefndin tvo lögfræðinga ráðuneytisins til að túlka fyrir sig lög um skipulag ferðamála nr. 117/1994 vegna ákveðins misskilnings um túlkun þáttar leyfisveitinga til handa ferðaskipuleggjendum, sem hafði viðgengist frá því að lögunum var síðast breytt. Í 10. grein laga nr. 117/1994 um skipulag ferðamála segir: „Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skiptast í tvo flokka eftir umfangi“ og síðan er skilgreint í 2. lið sömu greinar hvað ferðaskipuleggjandi er. Kristín Helga Markúsdóttir, lögfræðingur samgönguráðuneytisins túlkaði fyrir nefndina skilning sinn á þessari grein: „Mér finnst liggja ljóst fyrir að það þurfi allir ferðaskrifstofuleyfi sem vilja reka ferðaskrifstofu – algerlega óháð því hvort viðkomandi ferðaskrifstofa er að bjóða upp á alferðir eða ekki...“ (K.H.M., lögfræðingur samg.rn. 9.11.2001)

Við, sem höfum verið í nefndinni, þótti vænlegast frá fyrsta fundi að reyna af fremsta megni að smíða einfalda reglugerð og auðskiljanlega fyrir þá mörgu ferðaþjóna sem verða að fara eftir henni. Til að halda einfaldleikanum settum við upp nokkra grunnkafla, fylltum inn í þá þau mörgu og ólíku atriði sem nauðsynleg voru talin.

I KAFLI:

- Gildissvið
- Markmið
- Skilgreiningar og orðskýringar

Fyrsti kafliinn fjallar um gildissvið, markmið og skilgreiningar og orðskýringar. Það er að segja um hverja fjalla drögin, hver eru meginmerkmið þeirra og hvernig eru hin ýmsu orð skilgreind sem fram í reglugerðinni koma.

Í fyrstu greininni eru skilin frá þau fyrirtæki eða stofnanir sem eru í eigu sveitafélaga enda gengið út frá því að þar séu til staðar allar þær ábyrgðir, tryggingar og eftirlit sem nauðsynlegt er.

II KAFLI:

- Rekstrarleyfi
- Útgáfa leyfa
- Skilyrði
- Framlagning gagna
- Námskeið
- Upplýsingar um leyfishafa

Annar kafliinn fjallar um hvers konar rekstrarleyfi, fjallað er um hver sjái um útgáfu leyfanna og hver séu skilyrðin fyrir leyfisveitingu. Einnig hvaða gögn þurfi að leggja fram með umsókn, um námskeið sem umsækjendur leyfa þurfa að standast og hvaða upplýsingar um leyfishafa þarf að skrá og hvernig eftirliti skuli háttað.

Í sjöundu grein kemur fram hver veitir leyfi. Þar segir að ferðamálastjóri veiti leyfin en ekki samgönguráðuneytið. Þetta er gert til að geta áfríjað til æðra stjórnsýslustigs þegar ágreiningur kemur upp um leyfisveitingu. Einnig hefur það verið stefna að færa fleiri verkefni til undirstofnana ráðuneyta.

III. KAFLI

Almenn ákvæði

- Leyfishafar
- Réttindi, umgengni og merkingar
- Eftirlit og leyfisgjöld
- Húsnæði og búnaður
- Leiðsögumenn
- Leiðbeiningar og viðvaranir
- Leyfður hámarksfjöldi
- Öryggistæki

Þriðji kafllinn fjallar um almenn atriði eins og hverjum megi veita leyfi og hvað hann þurfi að uppfylla. Einnig hvaða réttindi undirverktakar þurfa að hafa, um umgengisreglur þeirra og merkingar. Um eftirlit og leyfisgjöld og hvaða öðrum reglum og reglugerðum leyfishafar þurfa að lúta, um leiðsögumenn og leiðbeiningar og viðvaranir þeirra, um hámarksfjölda ferðamanna á leiðsögumann í mismunandi afþreyingu og hvaða öryggisbúnað fararstjórar eða leiðsögumenn skuli hafa meðferðis og ferðamenn beri að nota.

Í fimmtánda grein er fjallað um leyfisgjöld. Þar er erfitt að gera tillögur að upphæðum sem greia skuli fyrir leyfi. Það sem þar verður að liggja til grundvallar er að greiðslur fyrir leyfi standi undir kostnaði við eftirlit.

Í nítjándu grein er rætt um hámarksfjölda ferðamanna á leiðsögumann og skal tekið fram í því sambandi að allar þær tölur sem þar birtast eru settar fra í samráði við fulltrúa fyrirtækja í greininni.

IV KAFLI:

Fjórði kafllinn fjallar um tillögur sem tengjast einstaka tegundum afþreyingar og verður að setja fram sérstaklega vegna séreinkenna þeirra eða laga sem þær falla undir. Hér munu því rakin nokkur atriði sem eiga við þessar tegundir afþreyingar og lagabókstaf sem þær falla undir.

Skipulögð afþreying með farartækjum í lofti

Í 2. gr.laga um loftferðir þá telst sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar, loftfar.

Samkvæmt því ná lögin líka yfir þau loftför sem notuð eru til afþreyingar, s.s. loftför til útsýnis- og svifflugs og ættu farþegar þá undantekningarlaust að vera tryggðir fyrir því tjóni sem þeir geta orðið fyrir.

Í 131. gr er fjallað um skaðabætur og váttryggingar og tekur hún á öllum þáttum sem eru nauðsynlegir fyrir farþegaflutninga og afþreyingu: „Umráðandi loftfars, sem nota skal til loftferða samkvæmt lögum þessum, skal taka og halda við váttryggingu er örugg telst, til greiðslu skaðabóta sem falla kunna á hann eða umráðanda loftfarsins vegna tjóns er verður á mönnum og hlutum utan loftfarsins og stafar af notkun þess. Váttrygging þessi skal meðal annars tryggja greiðslu kostnaðar við hreinsun á slyssað og brottnám flaks. Leita skal viðurkenningar Flugmálastjórnar á váttryggingafélagi og váttryggingarskilmálum. ...Flugrekendur skulu taka váttryggingu gegn tjóni á mönnum eða hlutum í loftfari eða við för eða flutning þeirra í loftfar eða úr því og svo gegn tjóni á innrituðum farangri og varningi meðan flytjandi ber ábyrgð á honum. ...Eigendum kennslu- og einkaflugvéla skal skylt að taka og

viðhalda slysatryggingu fyrir þá sem ferðast með slíkum vélum“.

Önnur lög og ákvæði um loftför:

Flugliðar verða að uppfylla ákveðin skilyrði til starfa í loftfari og ákveður samgöngu-ráðherra skilyrðin með reglugerð en þau varða aldur, líkamlegt og andlegt hæfi, reglusemi, menntun og þjálfun. Einnig eru reglum um notkun áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja, vegna sjúkdóms eða þreytu og annað sem getur valdið því að viðkomandi sé óhæf/ur til að rækja starfið á öruggan og ábyrgan hátt í loftfarinu.

Lögin kveða einnig á um að í 8 klst. áður en vinna hefst megi ekki nota áfengi og varði það skírteinismissi.

Farþegi á ætíð rétt á skaðabótum verði hann fyrir óþægindum, s.s. vegna tapaðs farangurs eða líkamstjóni og öðru því sem hendur á meðan á ferð stendur. Á það einnig við um skaða sem hlýst innan marka löglegs flugvallar.

Það er ljóst að öryggi er haft að leiðarljósi og tryggt er að þeir sem starfa í flugi hafi til þess menntun og hæfni svo og að öll ábyrgð hvílir á þeirra herðum ef farþegar verða fyrir tjóni.

Afþreyingarferðir með farartækjum á landi

Skipulögð afþreying með hópferðabílum

Áratuga reynsla er af afþreyingarferðum með hópferðabílum en í því sambandi hefur gætt nokkurs misskilnings hvað varðar kröfur löggjafans um leyfi til slíkrar starfsemi.

Í 10. grein laga nr 117/1994 um skipulag ferðamála lið 2 segir m.a: „Ferðaskipulaggjandi merkir í lögum þessum fyrirtæki, félag eða einstakling sem skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga innan lands....“, þ. e. ef hópferðafyrirtæki sjálf skipuleggur, auglýsir og selur ferðir innan lands ber honum að sækja um ferðaskipuleggjandaleyfi til samgönguráðuneytis. Sé þessi háttur raunin verða menn að hafa í huga að þeirra bílatryggingar vegna slysa í bílnum ná ekki yfir þau slysa, sem verða á ferðamönnum þeirra í afþreyingunni sjálfri fjarri viðkomandi fólksflutningabíl. Í flestum tilfellum eru hópferðafyrirtækin þó flutningsaðilar/verktakar hjá ferðaskrifstofunum, sem flytja inn ferðamennina.

Lög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi nr. 73, 31. maí 2001 fjalla m.a um hópferðabíla.

Í 2. grein segir um yfirstjórn:

„Samgönguráðherra fer með yfirstjórn fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga og almenningsgangna samkvæmt lögum þessum. Vegagerðin fer með framkvæmd laga þessara og stjórnvaldsreglna settra samkvæmt þeim.“

Í orðskýringum í 3. grein segir í f og g liðum:

„ f. Óreglubundnir fólksflutningar: Aðrir fólksflutningar en þeir sem tilgreindir eru í d- og e-lið. Með óreglubundnum flutningum er að jafnaði átt við flutning á hópi fólks sem orðið hefur til fyrir frumkvæði viðskiptavinar eða leyfishafans sjálfs. Slíkar ferðir geta verið farnar með reglulegu millibili án þess að teljast reglubundnir flutningar.

g. Fólksflutningar í atvinnuskyni: Flutningur fólks gegn endurgjaldi þar sem farþeginn er ekki tengdur rekstri fyrirtækisins sem sér um flutninginn.“

Skipulögð afþreying á sérútbúnum ökutækjum

Lög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi nr. 73, 31. maí 2001 fjalla m.a um sérútbúin ökutæki til fólksflutninga. Auk þess er fjallað um sérútbúin ökutæki í reglugerð um fólksflutninga á landi nr. 528, frá 4. júlí 2002 segir í 1. grein:

„Reglugerð þessi gildir um fólksflutninga á landi í atvinnuskyni með bifreiðum sem rúma níu farþega eða fleiri. Reglugerðin gildir einnig um akstur sérleyfisbifreiða og skólabifreiða, sbr. 8. gr. laga nr. 73/2001, þegar notaðar eru bifreiðar sem rúma þrjá til átta farþega og um akstur sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu, sbr. 4. mgr. 6. gr. og 10. gr. laga nr. 73/2001.

Reglugerð þessi gildir ekki um akstur í eigin þágu. Bifreið, sem notuð er til fólksflutninga samkvæmt reglugerð þessari, skal uppfylla gæða- og tækniröfur Vegagerðarinnar.“

Í 4. grein laganna 73, 31. maí 2001 segir m.a.:

„Almennt rekstrarleyfi.

Almennt rekstrarleyfi Vegagerðarinnar þarf til að stunda fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum þessum. Leyfið skal gilda í fimm ár og vera óframseljanlegt. Vegagerðinni er heimilt, á grundvelli reglugerðar sem ráðherra setur, að gera mismunandi kröfur til útgáfu mismunandi leyfa eftir því sem eðli starfseminnar gefur tilefni til.

Ekkert leyfi þarf til flutnings í eigin þágu.

Samgönguráðherra getur með reglugerð sett nánari skilyrði um veitingu leyfa.“

Í 9. grein segir:

„Almenn ákvæði um leyfishafa.

Leyfi samkvæmt lögum þessum má veita einstaklingum, hlutafélögum, einkahlutafélögum eða sameignarfélögum, enda uppfylli leyfishafinn skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. Ef leyfishafinn er einstaklingur skal hann jafnframt uppfylla 2. og 3. tölul. 1. mgr. 5. gr.

Ef leyfishafinn er félag skal starfa hjá því forsvarsmáður sem ber ábyrgð á rekstrinum. Hann skal uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. Heimilt er að kæra ákvarðanir Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum til samgönguráðuneytis.“

Og síðan í 10. grein:

„Akstur sérútbúinna bifreiða.

Vegagerðin skal veita leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu. Skilyrði slíks leyfis er að það sé notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn og að umsækjandi hafi almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr.“

Skipulögð afþreying á vélsleðum, fjórhjólum og sambærilegum tækjum.

Vélsleðar eru torfærutæki og er fjallað um þá sem slíka í umferðarlögum. Um torfærutæki gilda m.a. ákvæði um það hvar má aka.

Þar segir m.a:

„Eigi má aka torfærutæki á vegi, sem ekki er einkavegur, frekar en hér greinir. Sá sem aka þarf yfir veg, sem ekki er einkavegur, má aka eftir veginum skemmstu leið sem nauðsynlegt er. Sama er ef aðstæður utan vegar gera það nauðsynlegt að aka eftir veginum... Eigi má flytja farþega á torfærutæki... þegar ekið er á vegi, sem ekki er einkavegur, eða á einkavegi þar sem umferð er almenn.“

Í lögum um náttúruvernd segir í 17.gr að þó óheimilt sé að aka vélknúnum ökutækjum

utan vega þá sé heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum og á snjó utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð er þakin snjó og frosin.

Í umferðarlögum nr 50/1987 er tekið á gerð og búnaði ökutækis og lögð á það áhersla að ökutæki sé í góðu ástandi og sérstaklega að hlutir eins og stýrisbúnaður, ljós og hemlar séu í lögmætu ástandi. Þessi atriði eru á ábyrgð eiganda eða umsjónarmanns ökutækisins.

Hlíðarhjálmar eru skylda og segir um þá í 72. gr:

„Hver sá, sem er á bifhjóli eða torfærutæki sem er á ferð, skal nota hlífðarhjálma... Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálma... Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms.“

Skipulögð afþreyinga á hestum

Dýraverndarlög:

Aðilar sem stunda þennan rekstur skulu hafa leyfi samkvæmt III kafla laga nr 15/1994 um dýravernd sbr. reglugerð 499/1997 um dýrahald í atvinnuskyni.

Umferðarlög:

Hvað varðar hestamenn, og umferð þeirra vísast til 3. gr. umferðarlaga en þar segir:

„Ákvæði um umferð ökutækja gilda, eftir því sem við á, einnig um reiðmenn [og þá sem teyma eða reka búfé].“

Lög um náttúruvernd:

Í 16.gr. laga um náttúruvernd er kveðið á um að umferð ríðandi manna fari eftir skipulögðum reiðstígum eins og kostur er, en öll nánari ákvæði setur ráðherra í reglugerð.

Vegalög nr. 45/1994:

IV. kafli. [Almennir vegir, einkavegir, reiðvegir og hjólreiða- og göngustígar.]¹⁾

9. gr. Almennir vegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir en eru í eigu opinberra aðila og eru ætlaðir almenningi til frjálstrar umferðar. Einkavegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. [Reiðvegir eru vegir sem einkum eru ætlaðir umferð ríðandi manna og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Hjólreiða- og göngustígar eru einkum ætlaðir hjólandi og gangandi vegfarendum og eru kostaðir af einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.]¹⁾

11. gr. [Ráðherra getur að fengnum tillögum vegamálastjóra heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna almennra vega, einkavega, reiðvega og hjólreiða- og göngustíga, enda komi fullar bætur fyrir.]¹⁾ Bætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum IX. kafla.

Ráðherra getur bundið eignarnámsheimild fyrir einkavegi skv. 1. mgr. vissum skilyrðum, svo sem um gerð og frágang vegarins, umferðarrétt um hann, viðhald og tengingar við þjóðvegi og almenna vegi.

17. gr. Í vegáætlun skal veita fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög.

1)L. 54/2000, 3. gr.

Skipulögð afþreying á bátum og skipum

Nokkur atriði úr lögum og reglum um farþegaskip og rekstur þeirra

Farþegaleyfi

Skv. 5. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003 eru farþegaflutningar í atvinnuskyni, þar með taldar skoðunar- og veiðiferðir ferðamanna, með skipum sem lögin gilda um háðir leyfi Siglingastofnunar Íslands. Skal slíkt leyfi gefið út þegar leitt er í ljós að fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo og ákvæðum annarra laga og reglugerða sem gilda um skip í farþegaflutningum. Fyrir slík skip skal fjöldi í hverri áhöfn ákveðinn af Siglingastofnun Íslands með hliðsjón af gerð skips, fyrirkomulagi þess og búnaði, svo og farsviði þess og útivist, þannig að fjöldi í áhöfn og skipting starfa fullnægi skilyrðum um að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi farþega, skipverja og skips. Skipstjóri skal varðveita um borð í skipi skjal er sannar gildi leyfisins. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um útgáfu og skilyrði leyfis samkvæmt þessari málsgrein, svo og um gjald fyrir útgáfu leyfisins.

Öryggisskírteini farþegaskips

Ef farþegaskip er háhraðafarþegafar, nýtt (kjölur lagður eftir 1.1.2001), gamalt 24 metrar að lengd og lengra skal gefa út öryggisskírteini farþegaskips skv. 9. gr. rg. um öryggi farþegaskipa í innanlandssiglingum nr. 666/2001.

Skoðun vegna farþegaflutninga

Áður en farþegaskip fær útgefið farþegaleyfi þarf að gera skoðun á skipinu í samræmi við lög um eftirlit með skipum nr. 47/2003. Með skoðun á að ganga úr skugga um að fullnægt sé ákvæðum laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003 og annarra laga um farþegaskipa og reglugerðum skv. þeim, sbr. 3. gr. rg. um leyfi til farþegaflutninga með skipum nr. 463/1998.

Skoðun þarf að vera athugasemdaleus áður en farþegaleyfi er gefið út og óheimilt er að veita undanþágu eða frest til úrbóta vegna öryggisatriða sem áfátt er, sbr. 3. gr. rg. um leyfi til farþegaflutninga með skipum nr. 463/1998.

Neyðaráætlun

Áður en farþegaleyfi er gefið út þarf Siglingastofnun að samþykkja neyðaráætlun fyrir skipið sem koma skal fyrir á einum eða fleiri áberandi stöðum um borð. Á neyðaráætlun skulu koma fram verkefni og skyldur sérhvers skipverja þegar neyðartilvik kemur upp, sbr. 3. gr. rg. um leyfi til farþegaflutninga með skipum nr. 463/1998.

Öryggisfræðsla fyrir farþega

Áður en farþegaleyfi er gefið út þarf Siglingastofnun að samþykkja áætlun um öryggisfræðslu fyrir farþega, sbr. 3. gr. rg. um leyfi til farþegaflutninga með skipum 463/1998.

Hámarksfjöldi farþega

Áður en farþegaleyfi er gefið út þarf Siglingastofnun að ákveða hámarksfjölda farþega sem leyfilegt er að hafa um borð, sbr. 4. gr. rg. um leyfi til farþegaflutninga með skipum nr. 463/1998. Slík ákvörðun byggir m.a. á stærð skips, farsviði og aðstæðum um borð.

Útivist

Áður en farþegaleyfi er gefið út þarf Siglingastofnun að samþykkja hámarkstímalengd hvefarr ferðar, sbr. 4. gr. rg. um leyfi til farþegaflutninga með skipum nr. 463/1998.

Skráning og talning farþega

Talning farþega:

Áður en farþegaskip lætur úr höfn skal telja alla einstaklinga um borð og tilkynna skipstjóra skipsins og umsjónarmanni farþegaskráningar fyrirtækisins í landi um fjölda einstaklinga um borð. Siglingastofnun er heimilt að veita undanþágu fyrir farþegaskip sem fara áætlunarferðir á skýldum hafsvæðum eingöngu og taka innan við klst. milli hafna, sbr. 4. og 1. mgr. 9. gr. rg. um skráningu einstaklinga sem sigla með farþega-skipum nr. 659/2000.

Skráning farþega:

Ef fyrirhuguð sigling farþegaskips er lengri en 20 sjómíllur frá höfn skal skrá upplýsingar um nöfn allra einstaklinga um borð, kyn, aldursflokk og hvort farþegi þurfi sérstaka umönnun eða aðstoð. Þessum upplýsingum skal safnað fyrir brottför og senda umsjónarmanni farþegaskráningar fyrirtækisins í landi í síðasta lagi 30 mínútum eftir brottför. Siglingastofnun er heimilt að veita undanþágu fyrir farþegaskip sem fara áætlunarferðir á skýldum hafsvæðum eingöngu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 5. og 9. gr. rg. um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum nr. 659/2000.

Nokkur atriði viðvíkjandi öryggi, eftirlit og leyfisveitingar sem fram koma í reglum um báta styttri en 6 metrar nr. 661 frá 21. nóvember 1996:

Úr 1. grein:

„Reglur þessar gilda um báta og önnur tæki styttri en 6 metrar að lengd, mælt milli stafna, sem notuð eru í atvinnuskyni á sjó, ám eða vötnum. Bátarnir og /eða tækin eru skilgreind í reglum sem smábátar.

Með orðalaginu „notkun báta í atvinnuskyni“ er átt við báta sem skapa eigendum tekjur, til dæmis með notkun bátanna við fiskveiðar eða farþegaflutning eða vegna leigu á bátunum til almennings. „Vinnubátur“ er samheiti á bátum sem notaðir eru í atvinnuskyni.....“

Úr 2. grein:

„Smábátar, sem notaðir eru í atvinnuskyni hér á landi, skulu samþykktir af Siglinga-stofnun Íslands og skráðir hjá skipaskráningardeild stofnunarinnar.

Smábátar skulu samþykktir af Siglingastofnun samkvæmt reglum um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum, þó sbr. 2. gr. 3. mgr. Slöngur sem notaðar eru sem flotholt á smábáta skulu uppfylla ákvæði í viðauka 1 við reglur þessar. Smábátar sem leigðir eru út til almennings til stuttra ferða á lygnu vatni í sjónmáli frá eftirlitsstöð bátaleigunnar eða notaðir til farþegaflutninga á ám undir stjórn leiðsögmanna, sbr. ákvæði í 7. gr. 1. mgr., skulu samþykktir sérstaklega með hliðsjón af þeim aðstæðum sem eru á þeim slóðum sem bátarnir verða notaðir. Þó skal hver smábátur búinn fullnægjandi flotholtum með tilliti til fjölda bátsverja.“

Úr 3. grein:

„Smábáta sem samþykktir eru til leigu eða farþegaflutninga á ám, sbr. ákvæði í 2. gr. 3. mgr., þarf ekki að skrá hvern og einn, heldur nægir að skrá bátsgerðina sem viðkomandi fyrirtæki hefur til leigu eða farþegaflutninga, enda beri fyrirtækið fulla ábyrgð á að ekki séu notaðir bátar af annari gerð“.

Úr 5. grein:

„Í smábátum skal vera eftirgreindur öryggisbúnaður, þó sbr. 5. gr. 2. mgr.:

- Bjargbelti fyrir alla um borð.
- Þrjú rauð handblys.
- Vatnshelt vasaljós.
- Sjúkrakassi.
- Legufæri, austurbúnaður og handslökkvitæki samkvæmt reglum um smíði og búnað báta með mesta lengd allt að 15 m.

Siglingastofnun kveður nánar á um öryggisbúnað vinnubáta með hliðsjón af farsviði þeirra, svo og ef bátarnir hafa leyfi til sjósóknar utan þess tíma sem tilgreindur er í 6. gr. 3. mgr. Skal þá tekið mið af reglum um björgunar- og öryggisbúnað báta lengri en 6 metrar Allur laus búnaður skal vera í lokuðum hirslum eða umbúðum, sem eru fasttengdar bátunum“.

Skoðun smábáta.

6. gr. Smábátar skulu skoðaðir eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ber eiganda að óska eftir skoðun hjá umdæmisstjórum Siglingastofnunar. Þó nægir að bolur báta úr plasti sé skoðaður annað hvert ár. Bátunum skal veitt skoðunarvottorð uppfylli þeir ákvæði reglna.

Siglingastofnun er heimilt að fela siglingaklúbbum, báttaleigum og þeim sem stunda farþegaflutninga og hafa starfsleyfi stofnunarinnar sbr. 7. gr. l. mgr., eftirlit með eigin bátum, enda beri þeir þar með fulla ábyrgð á að reglum sé framfylgt.

Skoðunarvottorð skal aðeins gilda á tímabilinu 1. apríl til 30. september. Smábátar sem á að nota á takmörkuðu svæði. á fjörðum; flóum eða vötnum, eða við fiskveiðar eða fiskeldi nálægt ströndum landsins, geta þó fengið sérstakt leyfi til sjósóknar með takmarkað farsvið utan þess tímabils sem að framan greinir.

Siglingastofnun er leyfilegts að gera skyndiskoðanir á smábátum þeim sem þessar reglur fjalla um, hvar og hvenær sem hentugt þykir. Sé smábáti á einhvern hátt áfátt í gerð eða búnaði má fella skoðunarvottorð úr gildi. Ennfremur má fella úr gildi starfsleyfi siglingaklúbba, bátaleiga eða þeirra sem stunda farþegaflutning, ef í ljós kemur að þeir fari ekki í einu og öllu eftir settum reglum eða þeim skilyrðum sem starfsleyfið byggir á.

Starfsleyfi.

7. gr. Siglingaklúbbar og bátaleigur, sem og þeir sem stunda farþegaflutninga á smábátum, skulu hafa til þess sérstakt starfsleyfi frá Siglingastofnun.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg á eyðublaði samkvæmt viðauka 2. Starfsleyfi skal gefið út á nafn þess sem ábyrgur er fyrir starfsemi báta-klúbbsins/báta-leigunnar.

Starfsleyfi er háð því skilyrði að starfsemin sé rekin á grundvelli reglna um öryggi og umhverfisvernd á sjó og vötnum og í samráði við Siglingastofnun.

Með umsókn um starfsleyfi skuldbindur umsækjandi sig til

- að nota eingöngu báta sem viðurkenndir eru af Siglingastofnun til starfseminnar.
- að hafa yfir að ráða starfsmönnum sem viðurkenndir eru af Siglingastofnun sem leiðsögumenn eða leiðbeinendur.
- að hafa nákvæma áætlun um hvernig best má tryggja öryggi farþega og annarra sem nota báta umsækjandans og skal öryggisáætlunin vera samþykkt af Siglinga-stofnun.
- að kynna farþegum og öðrum sem nota báta umsækjandans öryggisáætlunina og undirbúa þá undir bátsferðina eins og kostur er.

Leiðsögumenn, leiðbeinendur og aðrir starfsmenn siglingaklúbba og bátaleiga, sem óska viðurkenningar Siglingastofnunar, skulu hafa þá þekkingu og þjálfun í meðferð báta, fyrstu hjálp og öðrum öryggisþáttum sem forstjóri Siglingastofnunar telur nauðsynlega með tilliti til viðkomandi starfsemi.

Gildistaka.

8. gr. Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 35/1993 með síðari breytingum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 357/1990 um sama efni og reglugerð um breytingu á reglum nr. 357/1990, nr. 380/1992. (Samgönguráðuneytið 21.11.1996)

Veði

Vatnalög nr. 15/1923 kveða svo á um almenna umferð um vötn að öllum sé heimilt að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn.

Í lögum um lax og silungsveiði nr. 76/1970 segir í annarri grein að landeigendum einum sé heimil veiði í vatni á landi sínu. Önnur ákvæði þessara laga tilgreina að veiðifélög og starfsemi þeirra taki til allrar veiði sem fram fer á veiðisvæði þeirra. Veiðiskýrslum ber að skila til veiðimálastjóra.

Þannig er ljóst að öllum er frjálst að fara um vötn en veiði í ám og vötnum er ekki heimil nema að fengnu leyfi landeigenda eða heimild veiðifélags sem í flestum tilfellum selja ferðamönnum veiðileyfi.

Í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 er sérstakt ákvæði sem tekur til erlendra ferðamanna. Þar segir: „Erlendir ferðamenn, sem veiða hér á landi, skulu afla sér veiðikorta, sbr. 11. gr., og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem gerðar eru til veiðimanna hér á landi.“

Erlendir ferðamenn verða að hafa skotvopnaleyfi í heimalandi sínu til að geta fengið bráðabirgðaleyfi gefið út hér á landi og til að mega stunda skotvopnaveiði hér á landi þurfa þeir einnig að fá íslenskan ábyrgðarmann til að skrifa upp á til að ábyrgjast viðkomandi.

Gönguferðir

Um skipulagðar gönguferðir gilda engin sérstök lög en ákvæði um gangandi umferð umferðarlaga eiga þó við. Í 14. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999 er kveðið á um umferð gangandi manna. Þar er mönnum heimilt að fara án sérstaks leyfis landeigenda eða rétthafa; gangandi, á skíðum, á skautum og óvélknúnum sleðum um óræktað land og dveljast þar. Almenn ákvæði segja til um að menn skuli á ferð sinni um landið sýna landeiganda tillitssemi og virða hagsmuni þeirra. Fara skuli eftir merktum leiðum, hlífa girðingum, fara um hlið og göngustíga og loka hliðum aftur

á eftir sér. Aðgát skal höfð í nánd búsmala, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði. Þá er skýrt tekið fram að för manna um landið er ekki á ábyrgð eiganda lands.

Reiðhjólaferðir

Ákvæði sem snerta reiðhjól eru í umferðarlögum. Er þar fyrst og fremst talað um hvernig á að haga sér á reiðhjóli í umferð, s.s. að menn skuli hjóla hægra megin, hvernig á að beygja, að heimilt sé að hjóla á gangstígum valdi það ekki truflun o.s.frv. Annað sem tekið er fram um reiðhjól er helst það að börn undir 7 ára megi ekki hjóla á akbraut án leiðsagnar og að ekki megi flytja á reiðhjóli hluti sem séu þyngri eða fyrirferðameiri en svo að ökumaður geti haft fulla stjórn á reiðhjólinu. Þannig virðist fátt vera mönnum til fyrirstöðu ætli þeir sér að leigja út reiðhjól, nema þá helst það að ökumaður hafi náð sjö ára aldri.

Fyrirlestur haldinn á ráðstefnu um öryggismál.

Ráðstefnan þessi var haldin í Reykjavík 19. mars 1999 og nefndist fyrirlesturinn „Tourism, Risk and Safety“.

Dr. Anders Steene

Risk Research Program við Kalmar University í Svíþjóð.

Þar kom m. a. fram eftirfarandi um lagaumhverfi í Svíþjóð:

„Swedish legislation in the field of tourism

In this part I will mention a few words about the more important Swedish legislation relating to tourism and travel.

First of all everyone is free to start what business they like. In some cases the law asks for certain prerequisites but in general you are free to start what kind of business you like. But then you have to fulfil the conditions from some laws that I have made some excerpts from.

Below you have excerpts of the more important paragraphs of these laws such as:

4.1 Travel Guarantees Act (Resegarantilagen 1972:204)

§ 1. Anyone who by way of business or for other gainful purposes arranges package tours to countries other than Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden shall lodge security with the Board of

Commerce before the tour is offered for sale irrespective of whether the tour starts from Sweden or any other country.

This rule also applies to anyone who by way of business or for other gainful purposes sells, offers for sale or otherwise acts as agent for package tours arranged within or outside Sweden the destinations of which are those specified in the first paragraph above.

§ 2. For the purpose of this Act, the term „package tour" shall mean a tour designed for a group of participants that keep together for at least part of the tour period.

An individual tour is equated with a package tour if the tour is offered for sale with a pre-arranged programme and the price of the tour includes not only travel costs but also the cost of overnight lodging at a place other than the means of transport.

§ 3. Unless the Board of Commerce instructs otherwise, security shall consist of a commitment to pay issued by a bank or insurance company and dischargeable on demand.


§ 4. Security is to be lodged for the amount decided by the Board of Commerce on the basis of the type and scale of the travel operation. The amount is to be at least 200.000 SEK in the case of persons arranging package tours or acting as agent for package tours arranged abroad, and at least 50.000 SEK in the case of those who act as agents for package tours arranged within Sweden.

§ 6. The security can utilized for the repayment of funds paid for a package tour, which has been cancelled or does not take place for any other reason. In the case of a package tour, which has started but been completed, the security may be utilized for the board and lodging of the participants, their return journey and their reasonable compensation for the value of the benefits they have had to forfeit because the tour was shortened.

§ 9. Matters concerned with the utilization of security are examined by a special committee, the Travel Guarantees Committee.

§ 10. The Committee consists of a chairman and four other members, two of whom are elected from among persons regarded as representing consumer interests, and two from among persons regarded as representing operator interests. Each member has the required number of deputies. The Chairman and his deputy shall be versed in the law and be experienced judges. The Chairman, other members and deputies are appointed by the King-in-Council.

Kröfur um gæði og öryggi



Þetta eru þeir þrír þættir sem öryggi og gæði byggjast á og hafa afgerandi áhrif á.

Í stefnumótun samgönguráðuneytisins 1996 segir:

„Markmið og leiðir

Lögð verði áhersla á að sú afþreyingarþjónusta sem í boði er á Íslandi, standist ströngustu kröfur um gæði og öryggi. Stuðlað verði að öryggi ferðamanna á Íslandi með nauðsynlegum forvörnum og úrbótum.

Að tryggja gæði og öryggi í afþreyingu.

Kannað verði hvort nota eigi staðla Evrópusambandsins til að auðvelda samanburð.

Samgönguráðuneytið og Ferðamálaráð, standi að sérstöku verkefni til undirbúnings að breytingum leyfisveitinga vegna afþreyingar, í samvinnu við hagsmunaaðila.

Skilgreindar verði helstu hæfniskröfur vegna þeirra er starfa við eða reka atvinnustarfsemi þar sem boðið er upp á afþreyingu. Meðal annars verði tekið til ástands tækja og búnaðar, öryggismála, trygginga, fjárhagsstöðu og persónulegrar hæfni. Niðurstöður verkefnisins verði jafnframt nýttar til stefnumörkunar um afþreyingu í ferðaþjónustu.

Skilgreina skal ábyrgð ferðaþjónustuaðila og ferðamanna sjálfra á öryggismálum.

Stjórnvöld kanni reglur um öryggismál í samkeppnislöndum okkar og lagasetningu í þessu samhengi á mikilvægustu mörkuðum okkar.

Staða og forsendur

Helstu þættir innan ferðaþjónustunnar verði leyfisskyldir.

Starfsleyfum til ferðaskrifstofa og skipuleggjenda ferða á Íslandi hefur fjölgað verulega á undanförunum árum. Flest ný leyfi eru svokölluð B-leyfi en meirihluti eldri leyfa er A-leyfi.

Þetta eru þau tvö leyfi sem hægt er að sækja um samkvæmt reglugerð sem samgönguráðherra gaf út vorið 1995. Samkvæmt lögum um skipulag ferðamála er gerður greinarmunur á skilyrðum til umsækjenda A- og B-leyfa. Munurinn felst fyrst og fremst í eðli starfseminnar þar sem B-leyfishafi hefur til dæmis ekki leyfi til að selja farseðla til útlanda.

Brýnt er að einstaklingar og fyrirtæki í ferðaþjónustu tryggji sér nauðsynleg rekstrarleyfi. Spurningar hafa vaknað um það hvort ekki sé nauðsynlegt að breyta lögnum og opna fleiri gáttir til ferðaþjónustuleyfa. Nýr valkostur, sem ef til vill gæti heitið afþreyingarleyfi, þarf að vera fyrir hendi ef gera á afþreyingarþjónustuna leyfisskylda. Þannig gætu þeir sem fyrst og fremst eru að bjóða afþreyingu fyrir ferðamenn sótt um sérstakt starfsleyfi til slíks rekstrar enda eru hagsmunir og skyldur þeirra sem reka afþreyingarþjónustu og þeirra sem reka hefðbundnar ferðaskrifstofur oft verulega ólík.

Verði allir helstu þættir ferðaþjónustunnar leyfisskyldir er unnt að setja fram skilgreindar kröfur um gæða- og tryggingamál og fjármagna með leyfisgjaldi sameiginlegt átak í gæða- og tryggingamálum innan ferðaþjónustunnar.

Aðgerðir

Skipaður verði starfshópur á vegum samgönguráðuneytisins, Ferðamálaráðs og hagsmunaaðila um endurskoðun ferðaþjónustuleyfa. Starfshópurinn hafi það að markmiði að efla gæða-, öryggi og tryggingamál með því að gera alla helstu þætti innan ferðaþjónustunnar leyfisskylda“.

Gæðamál

Það er nokkuð víst, að seint verður íslensk ferðaþjónustu sú ódýrasta, sem völ er á í okkar heimshluta. Ef það er staðreynd, er nauðsynlegt fyrir ferðaþjónustuna að leggja höfuðáherslu á fagleg vinnubrögð og mikil gæði. Með auknu öryggi ferðamannsins og aukinni menntun starfsmanna í ferðaþjónustu munu gæðin aukast. Þar af leiðandi er ljóst, að mikil gæði verða að fylgja háu verði á þjónustunni til að ferðamaðurinn sé ánægður og komi aftur. Gæði eru afstæð og byggjast á mörgum þáttum í heildarþjónustunni eins og þekkingu, menntun og skipulagi en þar eru þættir eins og vinnuálag og tímasetningar mikilvægir.

Í stefnumótun samgönguráðuneytis 1996 voru lögð fram eftirfarandi markmið:

- „Komið verði á skilgreindri gæðaflokkun þeirrar þjónustu sem ferðamönnum stendur til boða.
- Skipaður verði vinnuhópur til að koma á og innleiða flokkunarkerfi sem nái til helstu þátta ferðaþjónustunnar.
- Komið verði á reglubundnum skoðunum á öllum farartækjum sem notuð eru í atvinnuskyni við ferðaþjónustu.
- Haldið verði áfram undirbúningsvinnu samgönguráðuneytis og Siglingamála-stofnunar ríkisins vegna skráningar og eftirlits með minni bátum sem nota á í atvinnuskyni.
- Nú þegar verði hafinn undirbúningur að því að koma á reglubundnum skoðunum á öllum farartækjum í ferðaþjónustu, og öðru nauðsynlegu eftirliti með þeim. Þetta á m.a. við um vélsleða og minni báta“.

Undanfarið hefur þróunin verið sú að ferðamenn koma í auknu mæli á eigin vegum og skipuleggja ferðir sínar m.a með notkun netsins. Í samgönguáætlun samgönguráðherra 2002 kemur fram að ferðamönnum muni fjölga verulega og „allt að 80 % ferðamanna muni ferðast á eigin vegum árið 2014“. Ef þessi spá rætist þarf ráðstafanir til að tryggja aukið öryggi ferðamanna og einnig þarf að auka alla upplýsingagjöf til þeirra.

Ferðaþjónustufyrirtækin munu halda áfram að efla gæðamál sín og sitt eigið gæðaeftirlit og nýta það forskot sem það gefur. Ferðaþjónustan þarf á menntuðu starfsfólki að halda, hvort sem er til að stýra fyrirtækjunum eða annast ferðamenn. Tungumálakunnátta verður sífellt mikilvægari og mun ekki duga að hafa einungis eitt tungumál auk móðurmálsins á valdi sínu. Menntun er undirstaða fyrir stöðugleika ferðaþjónustunnar og á því byggja gæðin.

Sem bein afleiðing af auknum öryggiskröfum og aukinni eftirspurn eftir betri gæðum mun tilkostnaður atvinnugreinarinnar hækka, og gera nýjum aðilum erfiðara um vik að hefja rekstur, jafnframt því sem smærri aðilar munu eiga erfiðara uppdráttar.

Í stefnumótun ráðherra frá 1997 koma einnig fram eftirfarandi markmið:

„Stefna ber að því bæta samkeppnisstöðu íslenskrar ferðaþjónustu með því að gæði veittrar þjónustu séu meiri en í helstu samkeppnislöndum

okkar. Þær vörur og sú þjónusta sem atvinnugreinin lætur í té fullnægi skilgreindum gæðakröfum og væntingum viðskiptavina“.

Þessi þáttur gæða er ekki síst mikilvægur þar sem nútíma ferðamaður er mjög vel meðvitaður um vöru- og þjónustugæði almennt og er sam-
burður við önnur lönd honum því auðveldur. Hótel eru víðast hvar metin
og skilgreind eftir ákveðinni stjórnujökf endabótt frekari samræmingar
væri þörf milli landa og fólksflutninga-bílum eru líka gefnar stjórnur. Það
er geysilega áriðandi að viðskiptavinurinn geti gengið að ákveðnum
gæðum og hann yfirgefið áfangastaðinn ánægður. Í allri afþreyingar- og
ævintýraferðaþjónustu er öryggið ef til vill stærsti þátturinn í þessum
vöru- og þjónustugæðum.

Í framkvæmdaáætluninni sem unnin var í framhaldi af stefnumótun
ráðherra 1996 er fjallað um gæði og öryggi í afþreyingarferðaþjónustu og
farið fram á, að gerðar verði ráðstafanir til að þjónustan standist ströng-
ustu kröfur um gæði og öryggi.

Ein af þeim leiðum sem verður að fara til að auka gæði eru ákveðnari
kröfur um full rekstrarleyfi til afþreyingarfyrirtækja, nákvæmari upphafs-
úttektir á öryggisþáttum í fyrirtækjunum og árlegt eftirlit með þeim
þaðan í frá.

Menntun í ferðaþjónustu á vegum hins opinbera

Það er augljóst að auka þarf til muna möguleika fólks til bæta við sig
menntun og annarri þekkingu í öllu sem viðkemur afþreyingu í
ferðaþjónustu.

Menntun eigenda og stjórnenda afþreyingarfyrirtækja skiptir miklu máli í
nútíma afþreyingarferðaþjónustu og annarra almennra starfsmanna og
hins vegar leiðsögumanna þeirra hópa sem ferðast á vegum þessara
fyrirtækja.

Í dag eru til staðar í hérlendum skólum möguleikar til náms í
ferðaþjónustu eða þjónustu henni tengdri:

- Leiðsöguskóla Íslands
- Ferðamálaskóla MK
- Háskólanum á Hólum
- Háskólanum á Akureyri
- Háskóla Íslands

Leiðsöguskóli Íslands

Leiðsöguskóli Íslands, stofnaður árið 1976, býður upp á almennt nám fyrir leiðsögumenn. Skólinn býður einnig nám í afþreyingarleiðsögn, gönguleiðsögn að sumri og gönguleiðsögn að vetri. Auk þess sér skólinn um faglega ráðgjöf, utanumhald námskeiða og útgáfu prófskírteina fyrir svæðisleiðsögunám um land allt í samvinnu við viðurkenndar menntastofnanir.

Markmið náms í Leiðsöguskóla Íslands er að þjálfa einstaklinga til leiðsögustarfa á Íslandi. Námið stendur í tvö samfelld misseri, hefst í september og lýkur í maí. Kennt er þrjú kvöld í viku og vettvangsferðir eru farnar þriðja hvern laugardag.

Heildarlengd námsins er 444 kennslustundir, samtals 37 einingar. Námið skiptist í kjarna á haustmisseri og kjörsvið á vormisseri. Í kjarna eru 17 einingar en á kjörsviði eru 20.

Kjörsvið eru fjögur:

1. Almenn leiðsögn - nemendur tileinka sér færni til þess að leiðsegja erlendum gestum á þeirra egin tungumáli í dagsferðum eða langferðum um allt land.
2. Afþreyingarleiðsögn – nemendur tileinka sér færni til þess að leiðsegja innlendum og erlendum gestum í sérhæfðum ferðum.
3. Gönguleiðsögn að sumri – nemendur tileinka sér færni til þess að leiðsegja innlendum og erlendum gestum um allt land að sumri til.
4. Gönguleiðsögn að vetri – nemendur tileinka sér færni til þess að leiðsegja innlendum og erlendum gestum um allt land að vetri til.

Kjarnagreinar - 17 einingar

Atvinnuvegir <i>13 stundir</i>	Bókmenntir og listir <i>13 stundir</i>	Dýralíf <i>13 stundir</i>	Ferðaþjónusta <i>13 stundir</i>
Gróður - náttúruvernd <i>13 stundir</i>	Íslenska samfélagið <i>13 stundir</i>	Jarðfræði <i>26 stundir</i>	Leiðsögutækni - Samskipti <i>26 stundir</i>
Íslandssaga <i>13 stundir</i>	Skyndihjálp I <i>20 stundir</i>	Tungumálanotkun I <i>26 stundir</i>	Vettvangsnám <i>26 stundir</i>

¹ Afþreyingarleiðsögn í þessum texta á við skipulagða / óskipulagða afþreyingu með eða án farartækja á landi, sjó, vötnum eða ám.

² Gönguleiðsögn að sumri er undanfari fyrir gönguleiðsögn að vetri.

Kjörsvið - 20 einingar

Almenn leiðsögn	Gönguleiðsögn - að sumri	Gönguleiðsögn - að vetri	Afþreyingarleiðsögn
Svæðalýsingar 78 stundir	Svæðalýsingar 78 stundir	Svæðalýsingar 26 stundir	Svæðalýsingar 52 stundir
Tungumálanotkun II 26 stundir		Fjallamennska I 13 stundir	Öryggismál - tryggingar – leyfi 13 stundir
		Fjallamennska II 13 stundir	
Ferðamennska 26 stundir	Ferðamennska 26 stundir	Ferðamennska 26 stundir	Ferðamennska 26 stundir
	Hópstjórn – samskipti 13 stundir	Hópstjórn – samskipti 13 stundir	Hópstjórn – samskipti 13 stundir
Svæðisbundin jarðfræði 26 stundir		Fagnámskeið í snjóflóðum 26 stundir	
	Skyndihjálp II 13 stundir	Skyndihjálp II 13 stundir	Skyndihjálp II 13 stundir
Vettvangsnám 52 stundir	Vettvangsnám 65 stundir	Vettvangsnám 65 stundir	Afþreyingarferðir 91 stundir
	Veðurfræði – jöklar 26 stundir	Veðurfræði – jöklar 26 stundir	Veðurfræði – jöklar 26 stundir

Kennslan samanstendur af fyrirlestrum, vettvangsferðum, framsöguæfingum í stofu, verklegum framsöguæfingum í hópferðabifreið, skriflegum verkefnum og prófum. Töluverður munur er á kennsluáferðum og námsmati eftir kjörsviðum. Til dæmis fara nemendur í almennri leiðsögn í sex daga hringferð um landið í hópferðabifreið, en nemendur í gönguleiðsögn fara í ýmsar æfingarferðir í óbyggðum landsins á námstímanum og ljúka náminu með a.m.k sex daga gönguferð með leiðbeinanda.

Nám í Leiðsöguskólanum er víðfemt og fjölbreytt. Fyrirlesarar, kennarar og leiðbeinendur eru allir sérfróðir um einstaka málaflokka.

Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði eru stúdentspróf eða sambærileg menntun . Nemendur skulu einnig vera orðnir 21 árs áður en námið hefst. Það er nauðsynlegt að nemendur hafi mjög gott vald á a.m.k. einu erlendu tungumáli auk íslensku. Allir umsækjendur þurfa að standast inntökupróf í a.m.k. einu erlendu tungumáli.

Endurmenntun

Leiðsöguskóli Íslands stendur fyrir endurmenntunarnámskeiðum fyrir starfandi leiðsögumenn í samvinnu við Félag leiðsögumanna. Námsframboð hvers árs er ákveðið í samráði við Fræðslunefnd Félags leiðsögumanna. Fyrirlesarar eru allir sérfræðingar í sínum greinum.

Skilgreiningar - Leiðsögumaður / fararstjóri

Leiðsögumaður er á ensku Tourist Guide en ekki Tour Guide sem er ferðabæklingur sem inniheldur leiðarlýsingar, er á dönsku Turistförrer og á þýsku Fremdenfuhrer. Orðið „leiðsögumaður“ er t.d. alltaf notað í Austurríki, en sjaldnar í Þýskalandi af því að margir þýskir fararstjórar vinna líka sem leiðsögumenn í sínu heimalandi milli þess að fylgja hópum milli landa sem fararstjórar. Í Þýskalandi hefur auk þess fram að þessu verið lítið um sérstaka menntun fyrir leiðsögumenn sennilega vegna þess hve margir fararstjórar hafa unnið sem leiðsögumenn og því er tilhneiging þar til að rugla þessum tveimur hugtökum saman og nota bara annað.

Fararstjóri er á ensku Tour Manager eða Tour Leader. Á þýsku Reiseleiter og dönsku Rejseleder. *Hópstjóri* er á ensku Tour Escort.

Eftirfarandi skilgreiningar á starfsheiti **leiðsögumanna, fararstjóra og hópstjóra** er að finna í evrópustöðlum (CEN) The European Committee for Standardization. Alþjóðasamtök leiðsögufélaga (FWTGA) World Federation of Tourist Guide Associations og Evrópusamtök leiðsögufélaga (FEG) European Federation of Tourist Guide Associations hafa samþykkt skilgreininguna.

Leiðsögumaður / Tourist Guide = A person who guides visitors in the language of their choice and interprets the cultural and natural heritage of an area, which person normally possesses an area-specific qualification. Note: Such qualifications are usually issued and/or recognised by the appropriate authority. Leiðsögunám í Leiðsöguskóla Íslands er viðurkennt af Menntamálaráðuneyti, Ferðamálaráði, Samtökum Ferðapjónustunnar (SAF) og Félagi leiðsögumanna.

Fararstjóri / Tour Manager = A person who manages and supervises the itinerary on behalf of the tour operator, ensuring the programme is carried out as described in the tour operator's literature and sold to the traveller/consumer, and who gives local practical information.

Hópstjóri / Tour Escort = Representative of a tour operator providing basic assistance to travellers.

³ Fagstjóra leiðsögunáms er heimilt að ákveða í samráði við Skólameistara Menntaskólans í Kópavogi hvaða nám telst sambærilegt stúdentsprófi.

⁴ Kennsla fer fram á íslensku. Erlendir nemendur þurfa að sýna fram á íslenskukunnáttu í inntökuprófi.

Menntaskólinn í Kópavogi

Um skólann.

Ferðamálaskólinn í MK er starfræktur innan Menntaskólans í Kópavogi. Þar er ferðafræðinám kennt á nokkrum mismunandi stigum.

- Ferðafræðibraut í dagskóla sem útskrifar nemendur með stúdentspróf af ferðamálasviði
- Starfstengt ferðafræðinám sem kennt er í kvöldskóla
- Alþjóðlegt nám í farseðlaútgáfu og farþóknarkerfum, IATA-UFTAA
- Leiðsöguskóli Íslands sem er sjálfstætt starfandi eining innan MK

Möguleikar til náms í ferðamálum

Ferðafræðibraut MK útskrifar nemendur af sérhæfðu sviði ferðafræðináms og máladeildar. Nemendur fara í starfsþjálfun í eina viku hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Námið er góður undirbúningur fyrir frekara nám á sviði ferðamála í erlendum og íslenskum háskólum. Lögð er áhersla á hagnýta þætti í kennslunni. Nemendum er boðið upp á kennslu í fargjaldaútreikningi og farþóknarkerfum. Mikil áhersla er lögð á tungumálanám.

Starfstengt ferðafræðinám

2ja anna bóklegt nám auk 3ja mánaða starfsþjálfunar í fyrirtæki í ferðaþjónustu. Starfsþjálfun fer fram samhliða námi eða að öllum bóklegum áföngum loknum.

- Fyrirlestrar þar sem áhersla er lögð á faggreinar ferðaþjónustu, ferðalandafræði, rekstrarþætti fyrirtækja í ferðaþjónustu, samskipti í þjónustu, markaðs- og sölumál, tungumál, rekstur og bókunarkerfi ferðaskrifstofa, flugfélaga og hótela.
- Lögð er áhersla á að nemendur hljóti alhliða menntun á sviði ferðaþjónustu. Áhersla er lögð á uppbyggingu og starfsemi ferðaþjónustufyrirtækja á Íslandi og skipulag við móttöku erlendra ferðamanna.
- Til að ljúka námi er skylt að fara á 3ja mánaða starfssamning hjá fyrirtæki í ferðaþjónustu og er starfsþjálfunin metin til 15 ein.
- Skólagjöld árið 2003-2004 eru kr. 160.000 fyrir 2 bóklegar annir. FBÓ 103 kostar kr. 25.000 aukalega
- Kennt er á kvöldin frá kl. 17:30 – 21:40

Fjarnám

- Fjarnám hófst í Ferðamálaskólanum í janúar 2000. Einungis er boðið upp á fjarnám í Starfstengda ferðamálanáminu.
- Nauðsynlegt er að nemendur í fjarnámi séu nettengdir og hafi yfir að ráða. Í tölvunni þurfa að vera almenn forrit s.s. ritvinnsla, sá

búnaður sem fylgir flestum heimilistölvum og búnaður til þess að komast á vefinn. Best er ef tölvan er PC eða PC samhæfð.

- Verð áfanga í fjarnámi er frá kr. 13.000.- 16.000.-

IATA-UFTAA nám

- Alþjóðlegt nám sem veitir réttindi til starfa á ferðaskrifstofum og á flugfélögum Markmið námsins er að þjálfa einstaklinga til sölustarfa.
- Fyrirlestrar og verklegar æfingar þar sem megináherslan er lögð á fargjaldaútreikning, farseðlaútgáfu og bókunarkerfi ferðaskrifstofa og flugfélaga, ferðalandafræði útlanda, sölu- og markaðsmál.
- Sérstök áhersla er lögð á að þjálfa nemendur til starfa í utanlandsdeildum ferðaskrifstofa og á söluskrifstofum flugfélaga.
- Allt námsefni er á ensku og 2 alþjóðleg próf eru tekin á ensku.
- Skólagjöld árið 2003-2004 eru kr. 245.000.
- Kennt 4 daga vikunnar frá kl: 17:30 – 21:15
- Innritun fer fram í lok maí og byrjun júní hvert ár.

Inntökuskilyrði

- IATA-UFTAA Inntökuskilyrði: Stúdentspróf eða sambærileg menntun eða starfsreynsla. 20 ára aldurstakmark og krafist er mjög góðrar enskukunnáttu.
- Starfstengt ferðamálanám Inntökuskilyrði: Stúdentspróf eða sambærileg menntun og starfsreynsla. 20 ára aldurstakmark, góð íslensku- og enskukunnátta.

Háskólinn á Hólum

Markmið ferðamálabrautar er að mennta fólk sem tekur virkan þátt í þróun ferðaþjónustu og getur haft frumkvæði að stofnun fyrirtækja á landsbyggðinni. Áhersla er á ferðaþjónustu í dreifbýli sem tengist menningu og náttúru hvers svæðis. Mikil áhersla er lögð á virk tengsl við stofnanir og fyrirtæki í ferðaþjónustu. Nám á ferðamálabraut miðar að því að standa vörð um hagsmuni landsbyggðarinnar og skapa skilyrði fyrir lífvænlegt samfélag um land allt.

Nám á ferðamálabraut er 45 einingar og nemendur útskrifast með diploma í ferðamálam Dreifbýlis. Samstarf Hólaskóla og Náttúruverndar ríkisins felur í sér að nemendur fá landvarðarréttindi að loknu námi á ferðamálabraut. Samningar ferðamáladeildar og Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Viðskiptaháskólann á Bifröst gera nemendum kleift að halda

áfram námi til BS gráðu á ferðapjónustusviði rekstrarbrautar HA, í ferðamálafræðum við HÍ og í viðskiptafræði á Bifröst.

Til að komast á ferðamálabraut þarf framhaldsskólapróf eða sambærilega þekkingu og reynslu úr atvinnulífinu. Hægt er að taka námið á ferðamálabraut í gegnum fjarnám. Staðbundnar lotur eru í upphafi anna og í einstaka námskeiðum þarf að koma aftur einkum þar sem áhersla á verklega þjálfun er mikil.

Námskeið í diploma-námi:

Haust	Vor	Sumar
Aðferðafræði *(3e)	Umhverfi ferðamanna (2e)	Verknám (12e)
Umhverfisfræði ferðamála (3e)	Afþreying og útivist (3e)	
Ferðafræði og -þjónusta í dreifbýli *(3e)	Gestamóttaka *(2e)	
Matur og menning *(2e)	Náttúra Íslands *(2e)	
Fjárhagsbókhalda (3e)	Rekstrarhagfræði *(3e)	
Rekstrar- og markaðsfræði *(3e)	Menning og ferðapjónusta *(3e)	
Tölvukennsla (0e)	Lokaverkefni *(1e)	
Samtals 17 einingar	Samtals 16 einingar	Samtals 12 einingar

* Námskeið sem merkt eru með stjörnu verða kennd í fjarnámi skólaárið 2003-2004.

Námskeið fyrir stofnendur fyrirtækja í afþreyingarferðapjónustu:

Þessu námskeiði stendur til að koma á í framhaldi af setningu reglugerðarinnar eins og fram kemur í drögunum:

Námskeið (Sbr. 10. gr. rg hér að ofan) í umsjón háskólans á Hólum í samvinnu við ferðamálafræðilaskólann í MK verða eftirfarandi:
Grunnnámskeið fyrir alla þá sem sækja um rekstrarleyfi í fyrsta sinn skv. reglugerð þessari.

Námskrá:

- Rekstur, stjórnun og mannaforráð.
- Fræðsluefni fyrir rekstraraðila er lúta að móttöku og samskiptum við gesti.
- Stuðningsefni fyrir rekstraraðila í þjálfun starfsfólks.
- Gátlista um öryggisþætti.
- Lög, reglugerðir og staðla er varða starfsemina.
- Veðurfræði og áhættumat.
- Gátlistar um búnað, aðbúnað gesta og dýra ef við á.
- Vinnureglur við upphaf ferðar.
- Vinnureglur við lok ferðar.
- Upplýsingar um gagnlegt ítarefni og vefslóðir.
- Skyndihjálp
- Starfsþjálfun

(Námskeið samkvæmt ákvæði þessu eru sambærileg kröfum sem gerðar eru í reglugerð nr. 462/1998, sbr. tilskipun nr. 96/26/EB og tilskipun nr. 98/76/EB (Stj.tíð EB, 14.10.98), um aðgang að starfsgrein farmflytjanda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem á að auðvelda þessum aðilum að neyta staðfesturéttarins í innanlands- og millilandaflutningum.)

Námskeið fyrir starfsfólk í afþreyingarferðaþjónustu:

Veðurfræði-mat á aðstæðum	4
Skipulagning ferða*	20
Útbúnaður*	8
Samskipti og stjórn	8
Næring og meðferð matvæla	4
Skyndihjálp og öryggismál	20
Færniþættir: rötun, náttúrutúlkun, hættur og farartálmur í landslagi*	25
Verknám*	30
	120

Veðurfræði

Fjallað verður um helstu einkenni veðurfars á Íslandi og nemendur þjálfaðir í skilningi veðurlýsinga og veðurfregna. Mat á aðstæðum.

Skipulagning ferða

Fjallað um ábyrgð leiðsögumanns. Mat á landslagi og val á leiðum. Umhverfismál Tímalengd. Útbúnaður, fatnaður, upplýsingar og undirbúningur þátttakenda. Notkun áttavita. Farið er í rötun og kortalestur. Af þessu námskeiði verða mismunandi útgáfur fyrir ólíkar tegundir afþreyingar.

Útbúnaður

Fjallað um helsta útbúnað og öryggisbúnað í viðkomandi afþreyingu, eiginleika hans, meðferð og viðhald.

Samskipti og stjórn

Nemendur átti sig á grundvallaratriðum er lúta að hópstjórn og samskiptum, sérstaklega hlutverki sínu sem leiðtoga. Samspil væntinga og framkomu. Mismunandi viðbrögð við vandamálum.

Næring og meðferð matvæla

Fjallað verður um grunnatriði næringarfræði, varðveislu og umgengni matvæla. Samsetning nestis.

Skyndihjálp og öryggismál

Markmið þessa námskeiðs er að nemendur fræðist um slys og hvernig má koma í veg fyrir þau. Jafnframt að nemendur fái aukið sjálfstraust og áráði við að veita fyrstu hjálp. Nemendur þekki helstu einkenni ofkælingar, fái þjálfun í meðhöndlun álagsmeiðsla og hvernig bregðast eigi við veikindum sem upp koma.

Verklegir þættir

Á vettvangi verði æfð rötun, viðbrögð við helstu hættuþáttum og farartálmum í landslagi og náttúrutúlkun. Af þessu námskeiði verða mismunandi útgáfur fyrir ólíkar tegundir afþreyingar.

Verknám

Starfsreynsla undir handleiðslu reynds aðila með réttindi í viðkomandi afþreyingarferðaþjónustu. Nemandi heldur dagbók og skilar verkefni.

Dæmi um útfærslu:

Þróað verði námskeið fyrir hestaferðaþjónustuna sem taki aðallega til öryggis og rekstarþátta. Útbúin verði námsskeiðsgögn sem eru í raun starfsmannahandbók. Þau innihaldi

- fræðsluefni fyrir starfsfólk er lúta að móttöku og samskiptum við gesti
- stuðningsefni fyrir rekstaraðila í þjálfun starfsfólks
- gátlista um öryggisþætti
- lög, reglugerðir og staðla er varða starfseminu
- leiðbeiningar um val reiðleiða
- veðurfræði, áhættumat
- gátlistar um aðbúnað hrossa og aðbúnað gesta
- vinnureglur við upphaf ferðar
- vinnureglur við lok ferðar
- upplýsingar um gagnlegt ítarefni og vefslóðir

Grundvallaratriði varðandi vottun eru að mati sérfræðinga ferðamála-deildar Háskólans á Hólum:

- Tryggingamál
- Regluleg úttekt á útbúnaði og aðstöðu
- Lágmarksaldur starfsfólks
- Gild skyndihjálparskírteini starfsfólks
- Að starfsfólk hafi sótt grunnnámskeið fyrir afþreyingarferðaþjónustu
- Staðfesting á að ákveðin lágmarkspekking og færni á viðkomandi afþreyingu sé til staðar í fyrirtækinu
- Hestaferðir: Ábyrgðaraðili sé búfræðingur, F.T. félagi, eða hestafræðingur og leiðbeinandi. Aðilar með x ára starfsreynslu geta sótt um að hún verði metin til jafns við þessi formlegu réttindi.

- Gönguleiðsögn: Ábyrgðaraðili sé landvörður eða gönguleiðsögumaður. Aðilar með x ára starfsreynslu geta sótt um að hún verði metin til jafns við þessi formlegu réttindi.

Háskólinn á Akureyri

Um skólann.

Háskólinn á Akureyri (HA) er vísinda- og fræðslustofnun sem leggur stund á kennslu og rannsóknir á fræðasviðum deilda háskólans. Þetta er stærsti háskólinn á landsbyggðinni með sterk tengsl við atvinnulífið og ýmsar stofnanir í þjóðfélaginu, fjölbreytt námsframboð og fjarkennslu.

Möguleikar til náms.

Í kynningu á heimasíðu háskólans kemur fram að starfsemi rekstrardeildar byggir á þeirri forsendu að eiga frumkvæði í íslensku menntakerfi á sínum sérsviðum og bregðast við þörfum markaðarins á hverjum tíma. Slíkt er m.a. gert með virkum tengslum við fyrirtæki með vinnslu verkefna og tengslum við rannsóknastofnanir atvinnuveganna.

Á ferðaðjónustubraut eru námskeið um skipulag ferðamannastaða, áhrif ferðaðjónustu á samfélagið og umhverfið, lög og reglur í ferðaðjónustu og neytendahegðun í ferðaðjónustu. Nemendur sem ljúka námi af ferðaðjónustubraut eru menntaðir til að sinna stjórnunarstörfum innan ferðaðjónustunnar.

Einnig kemur fram að mjög góð samvinna er á milli ferðaðjónustubrautar og Ferðamálasteðs Íslands sem staðsett er við Háskólann á Akureyri en ferðamálasteðið er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamáli. Samstarf er milli Háskólans á Akureyri og Ferðamálaráðs Íslands, Háskóla Íslands og háskólans á Hólum um kennslu og rannsóknir.

Háskóli Íslands

Eftirfarandi upplýsingar um nám í ferðamálafræði við Háskóla Íslands eru fengnar af vefsvæði skólans.

Námsleiðir:

Hægt er að fara þrjár námsleiðir í ferðamálafræðum.

Ferðamálafræði til B.S.-prófs (90 einingar).

Diplóma í ferðamálafræðum (45 einingar).

Ferðamálafræði sem aukagrein (30 einingar).

Forkröfur:

Krafist er stúdentsprófs eða sambærilegrar menntunar til innritunar í ferðamálafræði.

Námsleið til BS-prófs:

Stúdentar sem taka ferðamálafræði sem aðalgrein til BS-prófs skulu taka skyldunámskeið til 64 eininga. Valnámskeið eru 26 einingar. Ef nemendur hyggjast taka valnámskeið úr mismunandi deildum skal leita samþykkis skorar um samval námskeiða. Mælt er sérstaklega með að nemendur taki aukagrein til 30 eininga með ferðamálafræðum, t.d. landfræði, líf-fræði, viðskiptafræði, sagnfræði, þjóðfræði eða mannfræði. Jafnframt er hægt að taka erlent tungumál sem aukagrein. Einstök tungumálanámskeið eru hins vegar ekki samþykkt sem valnámskeið með BS-námi í ferðamálafræðum.

Diplóma í ferðamálafræðum

Boðið er upp á skemmra nám í ferðamálafræðum til 45 eininga, sem lýkur með diplómagráðu.

Ferðamálafræði: aukagrein

Stúdentar sem taka ferðamálafræði sem aukagrein skulu taka 12 skyldunámskeið, en 18 einingar eru bundið val, sem er háð aðalgrein nemandans.

Kennsla:

Misjafnt er hvernig kennslu er hagað eftir námskeiðum, en hún felst í fyrirlestrum, umræðutímum og verkefnavinnu af ýmsu tagi. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæða vinnu nemenda. Mest af lesefni er á ensku og nokkuð á íslensku, en einnig þurfa nemendur að vera undir það búnir að lesa á sænsku, norsku eða dönsku.

Vefurinn er mikið notaður í sumum námskeiðanna.

Aðstaða:

Kennsla fer fram í ýmsum byggingum á háskólasvæðinu.

Haldin eru skrifleg próf í lok missera; desember og maí. Verkefnavinna gildir oftast 20-40% af heildareinkunn

Umhverfismál

Það er nauðsynlegt að minnast nokkuð á náttúruna og umhverfið en í því fer fram öll sú afþreying sem boðin er í ferðaþjónustu á Íslandi.

Í stefnumótun í ferðaþjónustu 1996 segir, að stefnt sé að því að Ísland gegni forystuhlutverki á sviði umhverfisverndar svo og að stefnt skuli að því að efla sjálfbæra þróun í ferðaþjónustu í sátt við land og þjóð.

Náttúran er helsta ástæðan fyrir því að ferðamenn heimsækja Ísland. Ferðamaðurinn

kemur til að njóta hennar, skoða náttúruminjar og undur og einnig til að kynna sér sögu landsins sem er í nánnum tengslum við náttúru landsins og þjóðina sem lifað hefur við íslenska náttúru. Það er því mikilvægt að hlúa að náttúrunni og tryggja að hún sé vernduð.

Á seinni árum hefur æ meir verið unnið að því að sinna umhverfinu m.a. með lagasetningu um náttúruvernd þar sem helstu þættir snúast um verndun og hegðan almennings í náttúrunni. Öllum almenningi er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð.

Einnig eru til lög sem tengjast ferðaþjónustu, ekki síst afþreyingarferðaþjónustu eins og lög um umhverfismat sem koma eiga í veg fyrir röskun náttúrunnar með framkvæmdum án leyfis. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir eru um starfsemi hvers konar og framkvæmdir á landi, í lofthelgi og efnahagslögsögu, lög um bann við losun hættulegra efna í sjó og lög um varnir gegn mengun sjávar.

Það er meginmál hvernig tekið er á náttúrunni og hvernig umgengni um hana er þegar áformað er að koma á fót misumfangsmikilli afþreyingu í ferðaþjónustu, ekki síst ef hún hefur í för með sér mikla umferð um ósnortin svæði og einnig með hliðsjón af þeim áhrifum sem hún mun hafa á það nánasta samfélag sem afþreyingin fer fram í. Til þess að bæta um betur í virðingu fyrir náttúrunni er nauðsynlegt að auka fjárframlög til rannsókna á þessu sviði, ekki síst til þolmarkarannsókna á fjölförnum ferðamannasvæðum.

Nú er komið að því að bæði ferðamaðurinn og ferðaskrifstofur líti nánar til ferðaskipuleggjendanna hérlendis og gera kröfur til þeirra um aukna umhverfishugsun, umhverfisstefnu og stjórnun. Með mjög aukinni umhverfisvitund allra sem taka þátt í ferðaþjónustu eykst líka krafa um menntun á umhverfisviði eins og umhverfisstjórnun og vottun. Ekki er ólíklegt að innan tíðar muni fyrirtæki, samtök og sveitarfélög taka sig saman í heilu landshlutunum og hefjast handa um umhverfisstefnu og fá vottun á svæðið í heild, sbr. samvinna sveitarfélaga á Snæfellsnesi, Háskólans á Hólum og Green Globe 21 á þessu sviði.

Þótt hér í þessari skýrslu verði ekki settar miklar umhverfisreglur til viðbótar því sem til er, er að sjálfsögðu stuðst við og ítrekað það sem fram kemur í lögum um umhverfið og íslenska náttúru.

Öryggi í umferð

Á heimasíðu Vegagerðar ríkisins segir eftirfarandi:

Aðkoma Vegagerðarinnar að öryggi á vegum takmarkast við rekstur og uppbyggingu vegakerfisins, þ.m.t. rekstur leiðsögu- og upplýsingakerfa um færð, veður og ástand vega. Önnur umferðaröryggismál s.s. reglugetning og eftirlit með kröfum til búnaðar bifreiða, hæfni ökumanna, umferðareglur og fleira er í höndum dómsmálaráðuneytisins.

Umferðarráð, Ríkislögreglustjóri, Vegagerðin, tryggingarfélag, sveitarfélög o.fl. aðilar vinna að umferðaröryggismálum á vegum og í störfum sínum taka þessir aðilar mið af stefnu ríkisstjórnarinnar í umferðaröryggismálum en hún var sett fram í skýrslunni „Umferðaröryggisáætlun 1997-2001“. Í áætluninni eru sett fram ákveðin markmið um a.m.k. 20% fækkun alvarlegra umferðarslysa fyrir árslok 2000. Þessi stefna er hliðstæð þeirri stefnu sem sett hefur verið fram í öðrum vestrænum löndum og að svo miklu leyti sem samanburði verður við komið er Ísland í hópi þeirra landa sem hvað best eru stödd í þessum málum en markmiðið er að gera enn betur og fækka alvarlegum umferðarslysum enn frekar“.

Síðan segir:

”Umferðaróhöppum hefur fjölgað á Íslandi á undanförunum árum. Í drögum að umferðaröryggisáætlun stjórnvalda fyrir tímabilið 2001-2012 er áætlað að umferðarslys kosti þjóðfélagið um 15 milljarða árlega. Eignatjónsóhöppum hefur fjölgað mest og meira en því sem nemur aukningu umferðar, en slysum með meiðslum á fólki hefur fjölgað minna. Þetta þýðir að tíðni eignatjónsóhappa hefur aukist en tíðni slysa með meiðslum hefur minnkað, en með tíðni óhappa er átt við fjölda þeirra á hverja milljón ekinna km. Dauðaslys á Íslandi eru fá en um miklar sveiflur er að ræða í fjölda þeirra. Jafnframt eru dauðaslys í dreifbýli tiltölulega mun fleiri en í þéttbýli.

Á tímabilinu 1993-1999 slösuðust að meðaltali 230 einstaklingar á ári alvarlega og 18 einstaklingar létust á ári í umferðarslysum. Árið 2000 létust 32 í umferðarslysum á Íslandi og er árið hið þriðja versta frá því skráning hófst árið 1966. Árið 2000 sker sig einnig úr hvað varðar fjölda látinna í einstökum slysum, þar sem í þremur tilvikum létust þrjár einstaklingar og í þremur tilvikum létust tveir einstaklingar. Dauðaslysin árið 2000 voru því 23“.

Rannsóknir og markmið

Fram kemur á sama stað að unnið hefur verið að því að stórauka rannsóknir er varða umferðaröryggi og segir enn fremur:

„Rannsóknarnefnd umferðarslysa hefur nú starfað í nokkur ár en verkefni hennar er að gera úttekt á alvarlegustu umferðarslysunum sem verða á landinu. Vegagerðin tekur þátt í starfi nefndarinnar. Ákveðið hefur verið að auka mjög áherslur á rannsóknir á sviði umferðaröryggismála.

Stofnunin hefur ásamt fleiri aðilum komið á fót Rannsóknarráði umferðaröryggismála (RANNUM), sem formlega var sett á laggirnar 20. desember árið 2000. Hlutverk Rannsóknarráðsins er að standa fyrir hvers konar rannsóknum sem nýta má til að koma í veg fyrir umferðarslys og draga úr afleiðingum slysa. Ráðinu er einnig ætlað að hvetja til, eiga frumkvæði að, skipuleggja, framkvæma og styðja rannsóknir á sviði umferðaröryggis ásamt því að fylgjast með erlendum rannsóknum og kanna notagildi þeirra fyrir íslenskt samfélag. Markmið starfsins er að afla nýrrar þekkingar innanlands og utan, leiða saman þá aðila sem vinna á þessu sviði og gera þannig rannsóknirnar faglegri og markvissari. Í upphafi er miðað við að þetta átaksverkefni standi í u.þ.b. 5 ár og þá verði staðan endurmetin. Starfshópur lagði fram tillögur um umferðaröryggisáætlun stjórnvalda um fækkun alvarlegra umferðarslysa fram til ársins 2012. Markmið eru sett fram um að fækka dauðaslysum og öðrum alvarlegum slysum í umferðinni um 40% á næstu 12 árum miðað við meðaltal árána 1996-2000. Helstu áhersluatriði til að ná markmiðunum eru:

- Öruggeri hraði.
- Bílbelti - öryggisbúnaður.
- Öruggeri ökumenn - ökunám, endurmenntun og ökuþróf.
- Áfengi, lyf - þreyta.
- Öruggeri vegir, götur og umhverfi vega.
- Auknar forvarnir - löggæsla, fullnusta og upplýsingar“.

Reglur og eftirlit með fyrirtækjum og búnaði þeirra

Vinnustöð – Aðbúnaður - öryggi

Atriði í lögum og reglugerðum um vinnuvernd er geta varðað aðbúnað, hollustuhætti og öryggi starfsmanna og neytenda hjá fyrirtækum í ferðaþjónustu.

(Steinar Harðarson, Vinnueftirliti ríkisins. 0807´02)

Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum:

13. gr. Atvinnurekandi skal tryggja, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Sérstaklega er vísað til:

- a. V. kafla um framkvæmd vinnu,
- b. VI. kafla um vinnustaði,
- c. VII. kafla um vélar, tækjabúnað og fleira,
- d. VIII. kafla um hættuleg efni og vörur.

14. gr. Atvinnurekandi skal gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starf þeirra. Atvinnurekandi skal þar að auki sjá um, að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt, að ekki stafi hættu af.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um skyldur atvinnurekenda, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmd vinnu.

37. gr. Vinnu skal haga og framkvæma þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

38. gr. Þar sem aðstæður með tilliti til heilbrigðis og öryggis starfsmanna krefjast þess, skal stjórn Vinnueftirlits ríkisins hlutast til um, að hlutaðeigandi fyrirtæki geri áætlanir um framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðir. Slíkar áætlanir og breytingar á þeim skulu kynntar öryggisnefndum, áður en þær eru framkvæmdar.

39. gr. Þar sem aðstæður með tilliti til heilbrigðis og öryggis starfsmanna krefjast þess, skal stjórn Vinnueftirlits ríkisins hlutast til um, að hlutaðeigandi fyrirtæki geri áætlanir um framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðir.

Slíkar áætlanir og breytingar á þeim skulu kynntar öryggisnefndum, áður en þær eru framkvæmdar.

95. gr. Hver sá, sem hefur með höndum starfsemi, sem lög þessi gilda um, skal hafa sérstakt starfsleyfi Vinnueftirlits ríkisins til tryggingar því, að starfsemi fullnægi viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum snertir.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um veitingu starfsleyfa og um gildistíma þeirra.

96. gr. Sérhver starfsemi, sem lög þessi ná til, skal tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins áður en hún hefst.

Óheimilt er að hefja rekstur í fyrirtæki eða hluta fyrirtækis fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið réttum aðilum vottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi og í samræmi við fyrirmæli forstjóra eða stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, að mati eftirlitsmannsins.

Reglur nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa:

Meginregla

3. gr. Nota skal persónuhlífar þegar ekki er hægt að komast hjá áhættu eða takmarka hana nægilega með tæknilegum ráðum sem veita almenna vernd eða með ráðstöfunum, aðferðum eða annarri tilhögun við skipulagningu vinnunnar.

II. KAFLI

Skyldur atvinnurekenda

4. gr. Almenn ákvæði

1. Persónuhlífar sem notaðar eru skulu uppfylla gildandi reglur á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) um gerð, hönnun og framleiðslu á persónuhlífum, að því er varðar öryggi og hollustuhætti. Allar persónuhlífar verða að:

- a) henta til varnar þeirri áhættu sem um er að ræða án þess að þær leiði sjálfar til aukinnar áhættu,
- b) hæfa ríkjandi aðstæðum á vinnustað,
- c) miðast við vinnuvistfræðilegar kröfur og heilsu starfsmannsins,
- d) vera mátulegar fyrir þann sem þær ber er þær hafa verið stilltar eftir því sem nauðsyn krefur.

2. Þegar áhætta er þess eðlis að starfsmaður þarf að bera fleiri en eina gerð persónuhlífa samtímis verða slíkar hlífar að falla hver að annarri þannig að þær veiti ekki minni vernd en áður.

3. Ákvarða skal við hvaða skilyrði ber að nota persónuhlífar á grundvelli þess hve mikil áhættan er, hve oft menn þurfa að starfa við hana, aðbúnaðar hvers og eins starfsmanns við vinnu svo og þess hversu mikla vernd persónuhlífarnar veita.

4. Persónuhlífar eru eðli sínu samkvæmt ætlaðar til einstaklingsnota. Ef aðstæður krefjast þess að persónuhlíf sé notuð af fleiri en einum manni skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að slík notkun hafi ekki skaðleg áhrif á notendur hvað varðar heilsu og hreinlæti.

5. Séð skal fyrir nægilegum upplýsingum um hverja gerð persónuhlífa, sem kröfur eru gerðar um samkvæmt 1. og 2. tölul., og þær hafðar handbærar innan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar.

6. Atvinnurekandi skal láta persónuhlífar í té endurgjaldslaust og tryggja með nauðsynlegu viðhaldi, viðgerðum og endurnýjun að þær séu í góðu lagi og svo hreinar að fullnægjandi teljist. Heimilt er þó að gera samkomulag um, í samræmi við venjur eða kjarasamninga, að starfsmaður taki þátt í kostnaði við vissar tegundir persónuhlífa séu þær ekki eingöngu notaðar á vinnustaðnum.

7. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmann fyrirfram um þá hættu sem persónuhlífunum er ætlað að vernda hann gegn og skyldu hans til að nota slíkar hlífar.

8. Atvinnurekandi skal sjá til þess að starfsmaður fái þjálfun og ef við á sýnikennslu í notkun persónuhlífa.

9. Persónuhlífar er einungis heimilt að nota í því skyni sem tilgreint hefur verið nema við sérstakar aðstæður sem heyra til undantekninga. Nota verður þær í samræmi við notkunarleiðbeiningar sem þurfa að vera starfsmönnum vel skiljanlegar.

10. Atvinnurekandi skal með hliðsjón af þeirri vinnu sem fram fer og eftir því sem nauðsyn krefur setja upp eitt eða fleiri skilti sem gefa til kynna hvaða gerðir af persónuhlífum ber að nota á viðkomandi vinnustað. Skiltin skulu samræmd gildandi reglum um öryggisskilti á vinnustöðum, vera úr varanlegu efni og skal þeim haldið við á fullnægjandi hátt.

Hægt er að nálgast lögin og reglurnar á heimasíðu Vinnueftirlitsins, vinnueftirlit.is undir liðnum Lög og reglur. Lögin og reglurnar eru í ára- og númeraröð.

Lokaorð

Eins og fram hefur komið var þessi vinna nokkuð flókin og komið var víða við en þetta eru fyrstu skref reglugerða hvað varðar öryggisreglur og leyfisveitingar í afþreyingu í ferðaþjónustu. Vinnan hefur náð yfir langan tíma en eins og ljóst var á fyrstu mánuðum nefndarinnar var ógerningur að reglugerð um öryggi og leyfisveitingar í afþreyingu gæti tekið gildi þar sem nauðsynlegt var að breyta fyrst lögnum nr. 117/1994 um skipulag ferðamála. Það eru þau lög sem reglugerðin átti að byggjast á og eiga stoð í. Nú er komið að því að breyta þessum lögum og mun það verða þeim mun auðveldara þar sem drög að reglugerð liggur fyrir. Nefndin hefur lokið vinnu sinni og skilar skýrslu þessari til ráðuneytisins. Nefndin fagnar því að skipa eigi nú í vetur starfshóp til að vinna nauðsynlegar breytingar á lögum um skipulag ferðamála á Íslandi. Með því verður hægt að ganga endanlega frá drögum þessum og reglugerð um öryggisreglur og leyfisveitingar getur tekið gildi.

Pétur Rafnsson ritaði og tók saman

Viðmælendur:

Anna G. Sverrisdóttir, form. nefndar SAF um afþreyingu
Árni Friðriksson, Siglingastofnun
Björn Ólafsson, Vegagerð ríkisins
Einar Bollason, Íshestum
Erna Hauksdóttir, framkv.stj. SAF
Fjóla Guðjónsdóttir, deildarstjóri hjá Löggildingarstofu
Guðmundur Sigurðsson, lögfræðingur TM – Tryggingar
Hlynur Skúli Auðunsson, Siglingastofnun
Jón Magnússon, hæstaréttarlögmaður – Vernd neytenda
Kristinn Ingólfsson, Siglingastofnun
Kristín Helga Markúsdóttir, lögfr. í samgönguráðuneytinu
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri - Ferðamálaráð Íslands.
Magnús Sigmundsson, Hesta Sport - Ævintýraferðum
María Thejll, fv. skrifstofustjóri skrifstofu ráðherra samgöngur.
Pétur Aðalsteinsson, Slysafélagið Landsbjörg – Þjálfun
Steinar Harðarson, umdæmisstjóri Vinnueftirlits ríkisins
Steinn Logi Björnsson, fv.form. SAF
Unnur Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu ráðherra samgöngur

Viðkomandi opinberir aðilar

1. Siglingastofnun v/siglinga báta og fleira
2. Heilbrigðiseftirlit viðkomandi umdæmis v/húsnæðis og fleira
3. Vegagerðin v/leyfisveitingar, skoðun, þungaskattur og akstursklukka
4. Skoðunarstöðvar v/bifreiðar almennt
5. Vinnueftirlitið v/vinnuaðstöðu og fl.
6. Brunaeftirlitið v/brunavarnir og eftirlit
7. Brunamálastofnun v/úttektir
8. Byggingarfulltrúi v/byggingar og eftirlit
9. Ríkisskattstjóri
10. Sveitarstjóri v/leyfisveitinga veitingahúsa
11. Sýslumaður v/leyfisveitingar veitingahúsa
12. Lögreglan v/ökutækis, aksturs og fl.
13. Náttúruvernd ríkisins v/umferðar um friðlönd og fl.
14. Samgönguráðuneytið v/leyfisveitingar
15. Félagsmálaráðuneytið v/erlendra starfsmanna
16. Útlendingaeftirlitið v/erlendra starfsmanna
17. Hollustuvernd ríkisins
18. Forðagæslumenn sveitarfélaga
19. Hestamiðstöð Íslands
20. Landgræðsla ríkisins
21. Löggildingarstofa

Heimildir úr lögum og reglugerðum sem varða afþreyingu

1. Lög um skipulag ferðamála nr. 117, 16. september 1994 með síðari breytingum
2. Lög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi nr. 73, 31. maí 2001
3. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999
4. Umferðarlög, nr. 50, 30. mars 1987
5. Lög nr. 74/1998
6. Lög um loftferðir nr. 60/1998
7. Vatnalög nr. 15/1923
8. Lög um lax og silungsveiði nr. 76/1970
9. Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994
10. Siglingalög nr. 34/1985
11. Lög um áhafnir skipa nr. 59/1995
12. Lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna nr. 112/1984
13. Lög um eftirlit með skipum nr. 35/1993, með síðari breytingum samkvæmt lögum nr. 74/1998
14. Lög um alferðir, nr. 80 19. maí 1994
15. Reglugerð 528/2002 um fólksflutninga á landi
16. Lög og reglugerðir um Löggildingarstofu
17. Lög nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu
18. Reglugerð frá 29. september 1999 um persónuhlífar til einkanota

Aðrar heimildir

1. Yfirlit um námsmöguleika í Háskólanum á Akureyri – Arnar Már Ólafsson, lektor og forst.m. Ferðamálasæturs Íslands.
2. Innsendar athugasemdir um leiðsögumenn - Birna Bjarnleifsdóttir, Leiðsöguskólanum.
3. Erindi um öryggi í ferðaþjónustu - Dr. Anders Steene.
4. Dr. Guðrún Helgadóttir, deildarstjóri háskólans á Hólum.
5. Yfirlit um námsmöguleika í MK – Hildur Jónsdóttir, ferðamálastofa MK.
6. Stefnumótun í ferðaþjónustu 1996 Samgönguráðuneytið.
7. Afþreying í ferðaþjónustu Framkvæmdaráætlun 1997 Samgönguráðuneytið.
8. Ferðaþjónusta umfang og mikilvægi fyrir þjóðarbúskapinn júní 1998 Þjóðhagsstofnun.
9. Drög að umferðaröryggisáætlun stjórnvalda fyrir tímabilið 2001-2012

Nemendur í Háskólanum á Akureyri

Eftirtaldir nemendur gerðu skýrslur um verkefnið veturinn 2001. Nefndin vill þakk fyrir þeirra framlag til umræðunnar um öryggi og gæði.

Nafn skýrslunnar:

Höfundar: Bergþóra Þ. Hólm, Daniel Guðmundsson, Dögg Árnadóttir, Egill Snær Þorsteinsson, Ingigerður Einarsdóttir og Jónína Guðmundsdóttir.

Nokkrar skýrslur og erindi

- | | |
|--|--|
| 1. Slysavarnir í ferðaþjónustu.
Erindi 9/5 2000 | Arngrímur Hermannsson, ADDÍS
framkvæmdastjóri |
| 2. Öryggi í ferðaþjónustu og tengsl við
umhverfismál. Skýrsla 2000 | Ari Trausti Guðmundsson,
jarðeðlisfræðingur |
| 3. Tryggingar, ábyrgð og skaðabóta-
réttur. Erindi 19/3 1999 | Guðmundur Sigurðsson, TM
lögfræðingur |
| 4. Hvaða áhrif hafa slys á ferðamönnum
á íslenska markaði erlendis.
Erindi 19/3 1999 | Benedikt Jóhannesson,
Talnakönnum |
| 5. Kröfur markaðarins.
Erindi 19/3 1999 | Einar Torfi Finnsson,
leiðsögumaður |
| 6. Ógnun aldurhniginnna og umbreyttra
tækja. Erindi 19/3 1999 | Þórhallur Jóseppson
fv. aðstoðarm. Halldórs Blöndal |
| 7. Áhættumat í ferðaþjónustu -
Þekking veitir öryggi. Erindi 19/3 1999 | Þorsteinn Þorkelsson,
Skólastj Björgunarskóla
Landsbjargar og SVFÍ |
| 8. Leyfileg hættumörk í ferðaþjónustu.
Erindi 19/3 1999 | Pétur Rafnsson, form FSÍ
Formaður FSÍ. |

